

Myndir frá
Havana á Kúbu



Konur eru
konum bestar



Menning > 26

Lífið > 34

FRÉTTABLAÐIÐ

231. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

frettabladid.is

MIDVIKUDAGUR 24. NÓVEMBER 2021

Leita að stað fyrir risasorpbrennslu

Urðun á sorpi er senn að baki. Leitað er að stað á höfuðborgarsvæðinu fyrir ofn sem getur brennt allt að 100 þúsund tonn af sorpi á hverju ári.

ser@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Fjögur sorpsamlög á suðvesturhorni landsins skoða nú kaup á brennsluofni til að farga úrgangi á svæðinu frá Gilsfirði í vestri að Markarfljóti í austri, en þar falla til allt að 85 prósent af öllu sorpi á landinu.

Fjárfestingin er ærin. Líf Magneudóttir, formaður stjórnar Sorpu, segir að brennsluofn sem þarf að anna allt að 100 þúsund tonnum á ári kosti líklega á bilinu 20 til 30 milljónir króna. „Það tekur líka tíma að panta svona ofn og setja hann upp, örugglega nokkur ár,“ segir hún.

Líf segir að í ljósi vaxandi krafna um bætt meðhöndlun og flokkun úrgangs og áherslu á að lágmarka þörf fyrir urðun, liggja fyrir að finna þurfi viðunandi úrræði til að brenna úrgang sem nú er urðaður.

Sorpsamlögin og umhverfis- og auðlindaráðuneytið hafa gert með sér samning í þessa veru og á starfshöpur að undirbyggja sem best ákvörðun um tæknilausnir, meðal annars hvort nota megi ofninn til húshitunar, svo og mögulega þjónustu fyrir allt landið, áhættu- greiningu og staðarval.

„Það þarf að vanda vel til verka



Augljóst að það vilja ekki allir hafa svona starfsemi í nágrenni sínu.



Líf Magneudóttir, formaður stjórnar Sorpu

hvað staðsetningu varðar,“ segir Líf. „Og augljóst að það vilja ekki allir hafa svona starfsemi í nágrenni sínu.“ En hugsu þurfi um umhverfið, mest allt sorpið falli til á höfuðborgarsvæðinu og ekki gangi að keyra mesta magnið langar leiðir. Mögulega þurfi ofninn að vera nálægt höfn, verði sorp flutt með skipum í ofninn víða að aflandinu.

Heimild til urðunar sorps í Álfsnesi rennur út í árslok 2023, eins og tilgreint er í samningi við landeigendur. Þar er kveðið á um að 77 þúsund tonn megi urða í ár, en aðeins 38 þúsund hvort árið 2022 og 2023.

Sorpsamlögin fjögur sem standa að undirbúningi á brennslu sorps eru Sorpa, Kalka, Sorpurðun Vesturlands og Sorpstöð Suðurlands. Gert er ráð fyrir að undirbúningsniðurstöður liggja fyrir í árslok. ■

Yfir hundrað tilkynnt aukaverkanir

mhj@frettabladid.is

COVID-19 Frá því að bólusetningar hófust að nýju 15. nóvember hafa Lyfjastofnun borist 113 tilkynningar um aukaverkanir í kjölfar örvunarskammts. Þar af eru tíu alvarlegar. Þetta kemur fram í svari Lyfjastofnunar til Fréttablaðsins.

Meðal tilkynnttra einkenna í kjölfar örvunarskammts eru eymsli á stungustað, flensueinkenni, höfuðverkur, verkur og bólga í holhönd, bólgur eitlar, hjartsláttartruflanir, verkur í brjóstakassa, útbrot, brjóst-

verkir, milliblæðingar, óreglulegur tíðahringur, hækkun á blóðþrýstingi, máttleysi, ógleði, uppköst, svitaköst, dofi, svimi og sjóntruflanir. Þetta eru svipuð einkenni og tilkynnt hefur verið um eftir fyrsta eða annan skammt bólusetningar.

Óskar Reykdalsson, forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, segir að almennt fái færri aukaverkanir af örvunarskammti en eftir til dæmis fyrsta bóluefnaskammt. ■

Nánar á frettabladid.is



Alþingi var loks sett í gær, 58 dögum eftir kosningarnar 25. september. Deilur vegna talningar í Norðvesturkjördæmi bíða enn úrlausnar. Athöfn fór fram í Dómkirkjunni í tilefni þingsetningarinnar og þangað mættu bæði Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og Agnes M. Sigurðardóttir, biskup þjóðkirkjunnar. SJÁ SIÐU 2 FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Þegar þú velur íslenska vöru eða þjónustu skilar það sér aftur til þín.

ÍSLÆNSKT

LÁTTU ÞAÐ GANGA



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir mun stýra þingstörfum á morgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Flókin dagskrá á Alþingi á morgun

adalheidur@frettabladid.is

STJÓRN MÁL „Þetta verður ekki einfaldasti dagur þingsins, hvorki í umræðu né atkvæðagreiðslu,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, starfandi þingforseti, um verkefni Alþingis á morgun, þegar gengið verður til atkvæða um gildi kosninga.

Í greinargerð undirbúningsnefndar kjörbréfanefndar sem birt var á vef þingsins í gær eru engar tillögur til þingsins. Þær verða sennilega ekki lagðar fram fyrr en á morgun, sama dag og greidd verða um þær atkvæði.



Við erum að reyna að gera þetta eins vel og hægt er.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, starfandi forseti Alþingis

Von er á nokkrum tillögum; einni eða tveimur um uppkosningu, einni um þriðju talninguna og einni um staðfestingu allra kjörbréfa, má búast við nokkuð flókinni atkvæðagreiðslu í þingsal.

Þorgerður Katrín segir ómöglegt að sjá formið á atkvæðagreiðslunni fyrir á þessari stundu. Það fari eftir því hvernig tillögurnar líti út.

„Við erum að reyna að gera þetta eins vel og hægt er og ætlum að vanda okkur,“ segir Þorgerður og vísar þar bæði til þingmanna og starfslíðs þingsins. Hún mun ræða við formenn allra þingflokka um dagskrá morgundagsins á fundi klukkan þrjú í dag.

Um atkvæðagreiðsluna sjálfa segir Þorgerður: „Ég er sannfærð um að hver og einn þingmaður mun greiða atkvæði eftir sinni samvisku og sannfæringu, af virðingu við löggjafarvaldið og lýðræðið.“ ■

Skammdegissnjór



Snjórinn féll í höfuðborginni í gær og lýsir upp skammdegið með ljóma sínum svo að birtir til í prófatið sem er á næsta leiti hjá nemendum við Háskóla Íslands. Samkvæmt spá Veðurstofu Íslands er spáð ágætis veðri í dag og björtu fram eftir degi. Þegar nálgast miðnætti gætu nokkur snjó Korn fallið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Er Emil í Kattholti í þínu Fréttablaði?

arib@frettabladid.is

GJAFALEIKUR Hundrað eintök Fréttablaðsins í dag eru einstök því þar gefur að lita auglýsingu með Emil í Kattholti í stað auglýsingar um gjafabréf Borgarleikhússins.

Ef þú litur á síðuna hér til hægri og sérð mynd af Emil í Kattholti en ekki mynd af gjafabréfi hefur þú unnið þér inn gjafabréf fyrir tvo á sýninguna. Það eina sem þú þarft að gera er að koma með eintakið með myndinni af Emil í miðasölu Borgarleikhússins. ■

Erfitt að venja bæði fólk og endur af franskbrauðinu

Í fyrsta sinn var brauðgjöf við Reykjavíkurtjörn vöktuð í sumar af starfsmanni Reykjavíkurborgar. Ekki gott fyrir endurnar að fá brauðið enda þenst það út svo að þær halda að þær séu saddari en þær eru. Þó virðast endur síður sækja í hollari fæðu þegar hún er í boði.

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Þegar holl fæða er borin á borð andanna þá velja þær samt frekar brauðið, sem er ekkert gott fyrir þær. Fuglarnir eru ekki svo ólíkir okkur mannfólkinu að þessu leyti,“ segir Aron Alexander Þorvarðarson líffræðingur sem taldi meðal annars brauðgjafir á Tjörninni í sumar en slíkar gjafir voru vaktadar sérstaklega í fyrsta sinn.

Aron segir að því miður séu brauðgjafir borgarbúa ekki að hverfa. „Það er um ein og hálf brauðgjöf á hverjum klukkutíma á góðvindriddögum yfir sumarið. Franskbrauð er ekki gott fyrir fuglana en það hefur verið löng hefð meðal borgarbúa fyrir að gefa þeim brauð.



Aron Alexander Þorvarðarson, líffræðingur

Þetta er frekar næringarsnauð fæða og brauðið þenst út í maganum á fuglunum sem gerir það að verkum að endurnar upplifa sig saddari en þær eru,“ segir hann.

Þótt hóflegar brauðgjafir séu ekki endilega skaðlegar fuglunum, þá fái Tjarnarfuglar af mikið af hvítu



Merkilegt nokk er ekki gott fyrir endurnar að fá brauðið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Úr minnisblaðinu um brauðgjöf við Tjörnina

9. júlí Krakkar gefa öndum brauð fyrir framan Tjarnarbió. Fullorðinn maður gefur máfum brauð við Kvennaskólann.

13. júlí Tvö börn með tveimur konum að gefa brauð við lónó. Á sama tíma er fullorðinn maður fyrir framan Kvennaskólann að gefa brauð. Eldri erlendur maður að gefa brauð og morgunkorn við lónó strax eftir börnunum. Fjölskylda gefur brauð við lónó.

23. júlí Eldri maður með barn að gefa máfum og öndum brauð fyrir framan Tjarnarbió.

27. júlí Enginn að gefa.

6. ágúst Fullorðinn maður að gefa dúfum og gæsnum brauð fyrir framan lónó. Krakkar að gefa öllum fuglum brauð (laða m.a. að sér mjög marga æsta silamáfa) við Tjarnarborg.

1. september Faðir og tvö börn gefa smá á ráðhúsbrúnni. Móðir með eitt barn gefur fyrir framan lónó (báðar brauðgjafir voru mjög stuttar og fóru mest allar í máfa. Í seinna skiptið voru þeir mættir í miklum fjölda áður en brauðgjöf byrjaði). Erlent par með tvö börn. Gáfu fyrst og fremst máfum og dúfum fyrir framan Kvennaskólann.

brauði. Mælir hann frekar með fersku grænmeti, rúsinum, fræjum og jafnvel ávöxtum.

„Hefðin er rík og það er erfitt að venja fólk og endur af brauðinu,“ segir Aron en minnisblað um vöktun á fuglalífi í Reykjavík í sumar sem Aron vann að var lagt fyrir á fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur í síðustu viku. Hann

segir að almennt sé fjölbreytt fuglalíf í borginni.

Við Tjörnina séu andfuglar áberandi, svo sem stokkendur, álfir, og gargendur, en nokkrum skrefum frá, í Vatnsmýrinni, eru vaðfuglar eins og heidlóa og spói. „Í Skerjafirði eru svo skemmtilegar fjörur með fjölbreyttu fuglalífi, þar á meðal eru tildrur og lóuprælur, hettumáfar og kriur.“ ■



ALLAR PIZZUR AF MATSEÐLI Á 1.690 KR. EF ÞÚ SÆKIR, 22.–29. NÓV. 2021



Borgarleikhúsið



Gjöf sem lifnar við

Gefðu pabba, kæró, ömmu, frænku eða tengdó
prakkarastrik, súpuskál, hjásvæfu, blóðuga
drauma, hornkerlingu, egó, fyrrverandi,
strákskratta, stjúpbörn, kattafóbíu, endalok,
stál og hníf, tortímingu um jólin.

Hafðu samband í síma 568 8000
eða pantaðu gjafakort á borgarleikhus.is



Útilokar ekki kærur vegna blóðmera

thk@frettabladid.is

DÝRAHALD „Við þurfum að fara í alveg gagngera endurskoðun á þessu,“ sagði Sigríður Björnsdóttir, yfirdýralæknir í hrossasjúkdómum hjá Matvælastofnun (MAST), í Fréttavaktinni á Hringbraut í gærkvöldi um eftirlit með blóðtöku úr fylfullum hryssum.

Sigríður var til svara vegna myndbands alþjóðlegra dýraverndunarsamtaka af illri meðferð á slíkum hryssum sem birt var um helgina.

Aðspurð hvort ástæða sé til að stöðva blóðmeraiðnað segir Sigríður það erfiða spurningu. „Umfram allt þarf að sjá til þess að það sé farið eftir þeim reglum sem eru settar.“

Þá segir Sigríður MAST hafa tíma til að endurskoða rammann um starfsemina, sem sé árstíðabundin og langt í næsta blóðtökutímabil.

Sigríður segir myndbandið hafa komið sér verulega á óvart.



Sigríður Björnsdóttir, yfirdýralæknir í hrossasjúkdómum hjá MAST

„Ég hef nú sjálf verið töluvert í eftirliti með þessari starfsemi og þetta er ekki sú birtingarmynd sem ég hef séð á mínum ferðum,“ segir Sigríður. Hún útilokar ekki að kæra verði lögð fram.

Sigríður segist þó eiga eftir að grandskoða myndbandið. „Það er auðvitað hægt að klippa saman vond augnablik. Ég á eftir að fara dýpra í það hvað stendur raunverulega á bak við þetta, hversu langvarandi eða viðvarandi þetta er og á eftir að taka skýrslur af fólki sem þarna kemur að.“ ■

Hjalteyrarmálið mjög alvarlegt og kom umboðsmanni barna á óvart

bth@frettabladid.is

BARNAVERND Salvör Nordahl, umboðsmaður barna, segir Hjalteyrarmálið, sem nú er til mikillar umræðu vegna kynferðisbrota gegn börnum, hafa komið henni á óvart.

„Maður taldi að það væri búið að ná utan um þau heimili sem voru starfrækt á þessum tíma, að vistheimilanevnd hefði lokað málinum. Það kemur mér þess vegna á óvart að enn séu að koma upp mál sem ekki fóru fyrir nefndina,“ segir Salvör.

„Það er hræðilegt að lesa frásagnir þessa fólks. Þær gefa til kynna að hér sé á ferðinni mjög alvarlegt mál sem þarf að fara í saumana á,“ bætir hún við.

Salvör segir að Hjalteyrarmálið sýni mikilvægi þess að mál séu rannsökuð frá grunni ef ábendingar berast. Vistheimilanevnd hafi unnið merkilegt starf, þar sem farið hafi verið í saumana á málum en meira þurfi til.

Lærdómurinn sé kannski sá að við þurfum alltaf að vera vakandi fyrir því að gæði eftirlits og gæði allrar þjónustu við börn séu mikil og að eftirlitið sé raunverulegt.

„Við vitum að börn í þessum aðstæðum eru viðkvæmasti hópur allra barna, það skiptir því gríðarlegu máli að eftirlitið sé gott.“

Spurð hvort ofbeldi gegn börnum kunnist að hafa verið meira og algeng-



Það er hræðilegt að lesa frásagnir þessa fólks.



Salvör Nordahl, umboðsmaður barna

ara hér á landi en í nágrennalöndunum, bendir Salvör á að erfitt sé að meta það. Mörg mjög slæg mál hafi einnig komið upp utan landsteinanna.

„Auðvitað vonum við að nú séu betri tímar en áður í þessum efnum en það eru enn að koma upp mál, sem ítrekar fyrir okkur mikilvægi þess að eftirlit sé gott og virkt. Ég legg áherslu á að börn í þessum aðstæðum eru í gríðarlega viðkvæmri stöðu, þau eiga sér ekkert bakland og þess vegna þurfum við alltaf að vera á tánum,“ segir Salvör. ■



Fyrirverandi forstjóri Náttúrufræðistofnunar gerir athugasemdir við kolefnisjöfnun með gróðursetningu trjáa, einkum stafafuru.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GVA

Segir viðhorf almennings misnotað í kolefnisjöfnun

Fyrirverandi forstjóri Náttúrufræðistofnunar og skógræktarstjóri takast á um vottunarkerfi og hvort reglur Íslands séu heimatilbúnar.

bth@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Gallar eru sagðir á vottunarkerfum í tengslum við kolefnisjöfnun hérlendis. Fyrirverandi forstjóri Náttúrufræðistofnunar, Jón Gunnar Ottósson, segir reglurnar heimatilbúnar fyrir Ísland. Skógrækt ríkisins vísar gagnrýninni á bug.

Jón Gunnar segir að einn ágallinn varði kolefnisjöfnun með gróðursetningu trjáa.

„Hér í skógræktinni er öllu sleppt er varðar vernd líffræðilegrar fjölbreytni og framandi ágengar tegundir. Reglur, viðmið og staðla varðandi þessa mikilvægu þætti vantar í íslensku vottunarkerfin. Skilyrði um slíkt er hins vegar að finna í öllum viðurkenndum alþjóðlegum verkefnum,“ segir Jón Gunnar.

Þrjár aðilar hér á landi bjóða almenningsupp á kolefnisjöfnun með gróðursetningu trjáa. Skógræktin er þar á meðal og einn til viðbótar með endurheimt votlendis. Með því að leggja fram fé til að tré verði gróðursett fyrir tiltekna fjárhæð geta fyrirtæki og einstaklingar gert samning um kolefnisbindingu.

„Við erum að nota heimatilbúnar vottunareglur sem ekki fullnægja kröfum í stað þess að horfa til alþjóðlegra vottunarkerfa,“ segir Jón Gunnar.

„Þannig er stafafura, ein algeng-

asta tegundin í skógrækt hér á landi, víðast talin ágeng og framandi og bönnuð af því að hún þykir ógn við líffræðilegan fjölbreytileika en í íslenskum verkefnum er hún talin góð og gild hér eins og aðrar ágengar framandi tegundir,“ bætir hann við.

Þá sé óeðlilegt að umhverfisráðuneytið og Loftslagsráð hafi ekki átt frumkvæði að því að setja reglur um þessi mál heldur hafi hagsmunaaðilar sett reglurnar sjálfir.

„Menn eru að misnota viðhorf almennings með fjárplógsstarfi. Kolefnisjöfnun má ekki snúast upp í það að verða eins og aflátsbréf miðaldanna.“

Einnig beri að hafa í huga að ef Íslendingar stefni á að taka þátt í alþjóðlegum viðskiptamörkuðum með kolefniseiningar í framtíðinni verða vottunarkerfin að vera í samræmi við alþjóðlega leiðarvísa og staðla, svo sem ISO 14064.

Skógræktarstjóri, Þróstur Eysteinnsson, segir að ekkert bendi til þess að stafafura sé ágeng á Íslandi, aðstæður séu mismunandi eftir löndum. Aðeins þrjú eða fjögur lönd í öllum heiminum meti það þannig að stafafura sé ágeng.

Varðandi annað í gagnrýni Jóns Gunnars segir Þróstur að vottunarkerfi séu ekki rekin af ríkjum heldur óháðum aðilum. Hagsmunaaðilar hafi ekki sett reglurnar hér á landi heldur séu þær markaðsdrifnar og heimfærðar frá Bretlandi. Hann vísar gagnrýninni á bug.

Í skýrslu um innviði kolefnisjöfnunar sem Stefán Ólafsson umhverfisstjórnunarfræðingur skrifaði,



Kolefnisjöfnun má ekki snúast upp í það að verða eins og aflátsbréf miðaldanna.



Jón Gunnar Ottósson, fyrirverandi forstjóri Náttúrufræðistofnunar

segir að æskilegt væri að opinberir aðilar sem sinna verkefnum á sviði landnotkunar, svo sem Skógræktin, Landgræðslan og Landbúnaðarháskóli Íslands, kæmu að því að þróa reglur og viðmið sem gilda eiga hér á landi.

Þá segir í skýrslunni að enda þótt kolefniseiningar séu aldrei seldar í þeim tilgangi að veita kaupendum friðþægingu eða undanþágu frá því að þurfa að takast á við eigin losun, þá geti slík staða engu að síður komið upp.

„Þegar um fyrirtæki er að ræða geta keyptar kolefniseiningar jafnvel verið þvottaefni fyrir grænþvott, þar sem vara fyrirtækisins er t.d. boðin til sölu sem „græn“, enda þótt kaup fyrirtækisins á kolefniseiningum hafi engin áhrif á umhverfislegt ágæti vörunnar,“ segir í skýrslunni. ■

Það þarf trausta tengingu til að vinna hreina orku

LANDSVIRKJUN ER HJÁ VODAFONE því stjórnkerfi okkar er með víðtækustu öryggisvottun íslenskra fjarskiptafélaga.

Fyrirtæki eru betur tengd með Vodafone





MAXUS

NÝTT BÍLAMERKI Á ÍSLANDI!

LOKSINS ALVÖRU DRÆGNI 353 KM (WLTP)

MAXUS E-DELIVER 9 VEITIR ÞÉR FORSKOT Í UMHVERFISVÆNUM FLUTNINGUM



- / Lægri rekstrarkostnaður
- / Drægni allt að 353 km (WLTP)
- / Fánlegur í tveimur lengdum
- / Flutningsrými frá 9,7-11 m³

MAXUS
100%
RAFKNÚINN

MAXUS E-DELIVER 9

VERÐ FRÁ KR. **8.500.000**

Vatt ehf. er dótturfélag Suzuki bíla hf.

Vatt ehf. / Skeifunni 17 / Sími 568 5100

vatt ehf

Hafa ekkert heyrt frá ráðherranum

bth@frettabladid.is

JAFNRÉTTI Landssamband lögreglumannanna hefur hvorki heyrt frá dómsmálaráðherra né ríkissaksóknara eftir að félagið bað um að ríkissaksóknari rannsakaði ummæli Þorbjargar Ingu Jónsdóttur lögmans.



Fjölur Þorgeirsson

Þorbjörg Inga sagði að hjá lögreglu og dómstólum væri gerður mannunur eftir þjóðfélagsstöðu.

Ummælin fóru illa í lögreglumenn, ekki síst því Þorbjörg Inga er í nefnd um eftirlit með lögreglumönnum.

„Nei, það hefur í raun ekkert gerst, nema að Ríkislögreglustjóri er að kanna með hvaða hætti þau geta brugðist við ósk ráðherrans um að kanna þetta mál. Við höfum ekkert heyrt beint sjálf frá ráðherranum eða ríkissaksóknara,“ segir Fjölur. ■

Bar ugg í brjósti

svavamarin@frettabladid.is

DÓMSMÁL Réttarhöldin yfir Flemming Mogensen hefjast í dag. Hann hefur játað að hafa myrt Freyju Egilsdóttur í janúar síðastliðnum.



Freyja Egilsdóttir

Í viðtali við danska fjölmiðla í gær lýsti Alex Mogensen, sonur Flemmings, föður sínum sem afar reiðum en veikum manni. „Hann fékk ekki þá aðstoð sem hann óskaði eftir og hefði líklega verið hægt að komast hjá því sem gerðist,“ segir Alex.

Flemming varð móður Alex að bana árið 1995.

Alex kvaðst hafa spurt Freyju nokkrum dögum fyrir morðið hvort hún óttaðist að Flemming myndi gera henni mein og hún svarað því játandi. ■

Nánar á frettabladid.is

Vill fá skýrslu um húsnæði Hagaskóla

arib@frettabladid.is

REYKJAVÍK Marta Guðjónsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, lagði til á fundi skóla- og frístundaráðs í gær að viðhaldsmál Hagaskóla verði á dagskrá næsta fundar ráðsins. Þá fer hún fram á að skýrsla verkfræðistofunnar Mannvits um húsnæði frá því í apríl síðastliðnum verði lögð fram.

Hún segir það vekja furðu að



Marta Guðjónsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

málið hafi ekki verið sérstaklega á dagskrá í gær í ljósi fréttar af myglu í húsnæðinu. Hluti nemenda stundar nám í húsnæði Hótel Sögu á meðan ein álman er lokuð.

„Svona alvarlegt mál hefði þurft að taka fyrir án tafar,“ segir Marta. Þá sé dæmi um að starfsmaður skólans hafi farið í veikindaleyfi sem rekja mætti til myglu. „Það er líka ámælisvert að árið 2019 voru engin sýni um myglu tekin þegar fjöldi

nemenda og starfsmanna Hagaskóla sýndi einkenni sem bentu til að skólahúsnæðið væri heilsuspillandi.“

Marta segir að hún viti um skýrslu Mannvits en hún hafi aldrei verið lögð fram. „Þessi skýrsla hefði þurft að liggja fyrir. Ég hef ekki haft aðgang að henni og hef því ekki lesið hana en að öllum líkindum varpar hún veigamiklu ljósi á alvarlegt ástand skólahúsnæðisins.“ ■

Dreifikostnaður á raforku sagður hindrun í útflutningi á grænmeti

Sölufélag garðyrkjumanna gagnrýnir RARIK vegna dreifikostnaðar sem bitni á sumum framleiðendum. Forstjóri RARIK telur málflutninginn byggðan á mis-skilningi.

bth@frettabladid.is

LANDBÚNAÐUR Nokkur mismunur getur orðið á dreifikostnaði rafmagns eftir landsvæðum. Fyrirtæki sem staðsett er á svæði með innan við 200 íbúa getur þurft að greiða hærri dreifikostnað en fyrirtæki á þéttbýlla svæði. Verðmunurinn getur orðið fyrirstaða gegn framleiðslu grænmetis og þar með útflutningstækifærum, að sögn Gunnlaugs Karlssonar, framkvæmdastjóra Sölufélags garðyrkjumanna.

Fréttablaðið hefur fjallað um opnun markaða í Evrópu fyrir útflutning á íslensku grænmeti, ekki síst gúrkum. Talsvert magn hefur farið á þessu ári til Grænlands, Færeyja og Danmerkur. Mikil eftirspurn er eftir vörinni í vetur, enda hefur dönskum grænmetisbændum í vetrarræktun fækkað umtalsvert.

Gunnlaugur segir að ógn í þessu sambandi sé að gjaldskrá RARIK yfir flutningskostnað á rafmagni geri það erfitt fyrir stærri notendur að byggja upp raforkufrek gróðurhús, þótt um sé að ræða græna orku. Gjaldskrá RARIK miðist við fjölda íbúa á svæðum þar sem fámenn landsvæði sitji ekki við sama borð og þéttbýl.

„Þessi vitleysa þýðir að megnið af Íslandi er ekki með í leiknum ef kemur að því að byggja á rafmagn. Það þarf að búa til sérstaka gjaldskrá fyrir græna starfsemi og koma



Framkvæmdastjóri Sölufélags garðyrkjumanna telur dreifikostnað á raforku koma í veg fyrir að gróðurhúsarækt þrífist sem skyldi á sumum landsvæðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Þessi vitleysa þýðir að megnið af Íslandi er ekki með í leiknum ef kemur að því að byggja á rafmagn.



Gunnlaugur Karlsson, framkvæmdastjóri Sölufélags garðyrkjumanna

á fleiri verkefnum,“ segir Gunnlaugur.

Útflutningstækifæri í þessum efnum séu því aðeins á völdum svæðum, en þá sé ekki endilega samasesmerki milli staðhátta, innviða og kunnáttu. Ótækt sé að setja sérstakt álag fyrir það eitt að notandi búi á fámennu svæði. Misréttid einskorðist ekki við matvælaframleiðslu.

Gunnlaugur nefnir sem dæmi að bændur á Reykholtssvæðinu gætu þurft að greiða um 50 milljónir króna á ári ef þeir hygðust næla sér í tvö megavött af raforku. Ef annar framleiðandi á Reykjanesi ætlaði sér að kaupa sama magn af raforku af HS Orku þyrfti sá aðeins að greiða 12,5 milljónir króna.

Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri RARIK, segir mis-skilning einkenna gagnrýni Sölufélags garð-


yrkjumanna. Fráleitt sé að dæmi Gunnlaugs eigi við rök að styðjast. Tryggvi telur hugsanlegt að Gunnlaugur gleymi flutningskostnaðinn frá Landsneti sem sé innifalinn í taxa RARIK en ekki hjá HS-Veitum.

Hitt sé rétt að dreifikostnaður raforku í dreifbýli sé enn þá hærri en í þéttbýli, en einkum til smærri notenda. Það gildi bæði hjá RARIK og Orkubúi Vestfjarða. Um litinn mun sé að ræða sem fari minnkandi. Stjórnvöld hafi verið að jafna bilið, stefna stjórnvalda sé að reyna að jafna muninn alveg út svo allir sitji við sama borð.

Tryggvi Þór bendir á að hluti jöfnunar til garðyrkjubænda eigi sér stað í gegnum búvörusamning. Það sé ekki hlutverk RARIK heldur stjórnvalda að taka ákvörðun um hvort umbuna skuli fyrir græna orku eða ekki. ■

Auðveldasta leiðin til kaupa og selja Bitcoin á Íslandi

- Skjót afgreiðsla
- Engin falin gjöld
- 2% Íslendinga skráðir á Myntkaup



Sækja appið

Skráðu þig á myntkaup.is

MID



-30%
60 stk.

Verð áður: 259.995
182.995

Eða 16.188 kr. í 12 mánuði
á 0% vöxtum - Alls 194.260 kr. - ÁHK 10.8%

SAMSUNG
55" The Frame snjallsjónvarp
QE55LS03AAUXXC

MID



-30%
100 stk.

Verð áður: 9.995
6.995

FOREMAN
heilsugrill
2581056 2581156

MID



-30%
40 stk.

Verð áður: 139.990
97.995

ELECTROLUX
Innbyggð uppþvottavél
EEG69340W

D Orkuflökkur | 39 dB Hljóðstyrkur | 15 Manna

MID



-20%
100 stk.

Verð áður: 34.995
27.995

SONOS
Roam ferðahátalari
SONOSROAMBK SONOSROAMWH

MID



-20%
100 stk.

Verð áður: 69.995
54.995

Eða 5.148 kr. í 12 mánuði
á 0% vöxtum - Alls 61.780 kr. - ÁHK 22.4%

SAMSUNG
Galaxy Watch4 Classic 42mm LTE
SMR885FBLA

MID



-25%
100 stk.

Verð áður: 119.995
89.995

Eða 8.167 kr. í 12 mánuði
á 0% vöxtum - Alls 98.005 kr. - ÁHK 15.9%

iROBOT
Roomba 980 ryksuguvélmenni
ROOMBA980

MID



-21%
100 stk.

Verð áður: 69.995
54.995

LG
32" snjallsjónvarp
32LM6370PLA

MID




-30%
40 stk.

Verð áður: 26.990
18.995

LOGITECH
G PRO Lightspeed þráðlaus leikjamús
LTGPROMOUSEWL

MID



-42%
200 stk.

Verð áður: 5.985
3.495

NEDIS
LED borði
WIFILS50CRGBW

MID



-60%
200 stk.

Verð áður: 6.995
2.795

RAVPOWER
ferðahleðsla 10.000 mAh
RPPB099 RPPB099BLA

ELKO

Svíar rétta vegna stríðsglæpa í Gohardasht-fangelsinu í Íran

kristinnhaukur@frettabladid.is

SVÍPJÓÐ Í Stokkhólmi fara nú fram réttarhöld yfir Hamid Noury, sex-tugum manni sem sakaður er um stríðsglæpi í Íran árið 1988.

Amnesty og fleiri mannréttinda-samtök hafa sagt þetta tímamóta-réttarhöld. Samkvæmt sænskum lögum er hægt að sakfella fólk fyrir alvarlega glæpi, eins og morð

eða stríðsglæpi, sem framdir eru í öðrum löndum.

Noury var fangavörður í fangelsinu Gohardasht, nærri höfuðborginni Teheran, sumarið 1988 er æðstiklerkurinn Ayatollah Khomeini fyrirskipaði morð á fimm þúsund meðlimum samtakanna MEK sem börðust bæði með vopnum og áróðri gegn klerkastjórninni.

Noury er sakaður um að taka



Teikning af Noury og lögmanni hans Thomas Soderqvist. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

óbeinan þátt í réttarmorðum og aftökum, meðal annars með því að færa fanga á aftökustaði og safna upplýsingum um fanga fyrir klerkastjórnina. Hann neitar alfaríð sök.

„Ég sá hann á dauðadeildinni. Í hvert skipti sem nöfn voru lesin upp fylgdi hann þeim að dauðaklefanum. Það liðu kannski 45 mínútur þangað til næsta nafn var lesið upp. Svo næsta og næsta,“ sagði Reza

Falahi við fréttastofuna AFP. Falahi var í Gohardasht og varð vitni að voðverkunum árið 1988.

Málið hefur vakið nokkra athygli í Íran. Þar eru ennþá við völd menn sem taldir eru hafa komið að voðverkunum. Þar á meðal Ebrahim Raisi forseti sem hefur þvertekið fyrir að hafa tekið beinan þátt.

Fyrr á árinu var kallað eftir rannsókn á aftökunum í Íran. ■



Gashætta er þegar hraunið rennur til sjávar á La Palma. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Skipa þúsundum að halda sig inni

kristinnhaukur@frettabladid.is

SPÁNN Yfirvöld á Kanaríeyjum hafa fyrirskipað þrjú þúsund manns á eyjunni La Palma að halda sig innandyra. Hraun flæðir nú út í sjó með tilheyrandi hættu á að eitruð gös losni út í andrúmsloftið.

Miguel Angel Morcuende, yfirmaður hjá jarðhræringahætturáði Kanaríeyja, Pevloca, tilkynnti að íbúar í sjávarþorpum nærri staðnum þar sem hraunið fer nú í sjóinn skyldu halda sig á heimilum sínum. Þetta er í þriðja sinn sem hraun fer út í sjó síðan eldfjallið Cumbre Vieja byrjaði að gjósa þann 19. september.

Öllu flugi til og frá La Palma var aflýst á mánudag vegna óskufalls, en það var þriðji dagurinn í röð sem samgöngur raskast vegna eldgossins. 85 þúsund manns búa á eyjunni og hafa nú þegar 1.500 byggingar farið undir hraun. ■

Bólusetning gegn lömunarveiki gengur illa

kristinnhaukur@frettabladid.is

GAMBÍA Eftir að tilfelli af lömunarveiki uppgötvuðust í Gambíu í vesturhluta Afríku í ágúst ákváðu stjórnvöld að hefja bólusetningarátak. Í haust hefur verið reynt að ná til allra barna, fimm ára og yngri, og bólusetja þau með svokölluðu OPV-bóluefni. Er því ekki sprautað í vöðva heldur gleypa börnin tvo dropa af efninu í vökvaformi.



Reynt er að ná til allra barna fimm ára og yngri.

Heilbrigðisstarfsfólk í Gambíu hefur hins vegar sagt átakið ganga illa því margir foreldrar neiti að láta bólusetja börnin sín. Telur starfsfólkíð að áróður gegn bóluefni við Covid-19 sé farinn að smitast yfir í aðrar bólusetningar. ■

Sérstaða Íslands meðal Norðurlanda

Engar fjöldatakmörkanir eru í gildi í Noregi, Svíþjóð eða Danmörku en í síðastnefnda landinu er nýgengi smits það mesta á Norðurlöndunum. Ísland er eina ríki Norðurlandanna þar sem enn eru fjarlægðarmörk og grímuskylda.

mjh@frettabladid.is

COVID-19 Samkvæmt ferðaráðum utanríkisráðuneytisins sem voru uppfærð síðastliðinn föstudag er Ísland eina landið af Norðurlöndunum þar sem grímuskylda er í almenningsrýmum um þessar mundir.

Í Danmörku er aðeins grímuskylda á flugvöllum en þó mælt með grímunotkun við ákveðnar aðstæður. Í Finnlandi er engin skylda heldur en mælt með notkun í annasömum opinberum rýmum innandyra. Þá er ekki grímuskylda í Noregi og Svíþjóð og engin tilmæli um slíkt.

Á Íslandi voru reglur hertar á ný 12. nóvember og er skylt að nota grímu alls staðar þar sem ekki er hægt að virða eins metra reglu, svo sem í verslunum, almenningsgöngum og starfsemi sem krefst nándar, til dæmis á hárgreiðslustofum.

Í Finnlandi, Svíþjóð, Danmörku og Noregi eru engin fjarlægðarmörk. Þá eru engar fjöldatakmörkanir í Svíþjóð, Danmörku og Noregi. Á sama tíma miðast almennar fjöldatakmörkanir á Íslandi við 50 manns en í því felst að fleiri en 50 mega ekki koma saman, hvort heldur er inni eða utandyra, í opinberum rýmum eða einkarýmum.

Samkvæmt utanríkisráðuneytinu eru Finnar með fjöldatakmörkanir í gildi upp að vissu marki á veitingastöðum og börum. Þar eru einnig takmörkanir á afgreiðslutíma og fjölda viðskiptavina eftir svæðum.

Þá verður að hafa í hug að smitfjöldinn er mismunandi á Norðurlöndunum en Danmörk leiðir Norðurlöndin þegar litið er til nýgengis smits með 629 smit á hverja 100.000 íbúa síðustu 14 daga (miðað við 19. nóvember).

Ísland er þar í öðru sæti með 584,7 smit á hverja 100.000 íbúa á síðustu



Bólusettir ferðamenn frá Norðurlöndunum þurfa að framvísa neikvæðu PCR-prófi á landamærum Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI.



Í Finnlandi, Svíþjóð, Danmörku og Noregi eru engin fjarlægðarmörk. Þá eru engar fjöldatakmörkanir í Svíþjóð, Danmörku og Noregi.

14 dögum (miðað við 23. nóvember). Noregur kemur þar á eftir með 390 smit á hverja 100.000 íbúa.

Finnland kemur þar á eftir með 165 smit en athygli vekur að Svíþjóð rekur lestina með einungis 101 smit á hverja 100.000 íbúa en Svíar hafa verið með afar vægar aðgerðir í gildi í faraldrinum.

Hvað varðar landamærin eru engar landamæratákmörkanir í Svíþjóð fyrir þá sem ferðast frá Íslandi

eða öðrum Norðurlöndum til Svíþjóðar. Svíþjóð er einnig eina ríki Norðurlandanna sem krefst ekki forskráningar við komu til landsins.

Í Noregi er landið opið fyrir alla útlendinga sem hafa leyfi til að ferðast til Noregs samkvæmt útlendingalögum landsins. Allir eldri en 16 ára, sem ferðast til Noregs, þurfa að sýna fram á forskráningu.

Mismunandi sóttvarnareglur gilda við komu til Finnlands en farþegar frá lágáhættusvæðum eru undanþegnir öllum sóttvarnaráðstöfunum. Íslendingar þurfa ekki að sýna fram á neikvæða skimun við komuna til Danmerkur en Danir krefjast hins vegar bólusetningavottorðs. Engin forskráning er nauðsynleg í Danmörku.

Bólusettir Norðurlandabúar sem ætla til Íslands þurfa aftur á móti að framvísa neikvæðu Covid-prófi áður en farið er um borð í flugvél. Forskráningar er einnig krafist en þeir sem geta ekki framvísað vottorði um neikvætt PCR-próf eða hraðpróf á landamærum Íslands fá 100 þúsund króna sekt og eru skyldaðir í sýnatöku á landamærunum. ■

Smit og aðgerðir á Norðurlöndunum

14 daga nýgengi smits á hverja 100.000 íbúa

Danmörk	629
Ísland	584,7
Noregur	390
Finnland	165
Svíþjóð	101

*Nýgengi á Íslandi miðast við 23.11.21 en önnur lönd við 19.11.21

Engar fjöldatakmörkanir
Svíþjóð Noregur
Danmörk

Engin fjarlægðarmörk
Finnland Danmörk
Svíþjóð Noregur

Engin grímuskylda
Finnland Danmörk
Svíþjóð Noregur

HEIMILD: COVID.IS OG
UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Eiginmaður Merkel segir leti aftra bólusetningu

kristinnhaukur@frettabladid.is

ÞÝSKALAND Joachim Sauer, eiginmaður Angelu Merkel kanslara, hefur sakað þá Þjóðverja sem ekki hafa þegið bólusetningu við Covid-19 um leti. 32 prósent Þjóðverja eru óbólusett sem er hærra hlutfall en í mörgum nágrannaríkjum.

„Það er ótrúlegt að þriðjungur landsmanna fylgi ekki vísindalegum niðurstöðum. Þetta er að hluta til út af leti og andvaraleysi Þjóðverja,“ sagði Sauer í viðtali við ítalska dagblaðið La Repubblica en ummælin vöktu athygli eftir að þau



Það er ótrúlegt að þriðjungur landsmanna fylgi ekki vísindalegum niðurstöðum.

Joachim Sauer, eiginmaður Merkel

voru birt í þýska blaðinu Die Welt.

Sauer er efnafræðingur líkt og Merkel og er prófessor emeritus við Humboldt-háskólann í Berlín. Sauer og Merkel hafa verið gift síðan árið 1998 en Sauer hefur að mestu reynt að halda sig utan sviðsljóssins.

Í viðtalinu sagði Sauer hið lága hlutfall sérstaklega grátlegt í ljósi þess hversu hratt vísindamenn hefðu náð að búa til bóluefni og dreifa því. Hann sagði þó að ekki væri hægt að skýra hlutfallið að öllu leyti með leti. Hluti fólks væri andvígur því að fá bólusetningu. ■



Sauer hefur að mestu haldið sig utan sviðsljóssins. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



X1

PLUG-IN HYBRID




ÞÚ VERÐUR AÐ PRÓFA

BMW X1 M-Sport PHEV.

Verð: 7.980.000 kr.

Nýr, fjórhjóladrifinn BMW X1 Plug-in Hybrid færir þér einstaka og umhverfisvænni akstursánægju sem gerir hverja ferð að spennandi ævintýri.

Kynntu þér fjórhjóladrifna BMW X1, X3 og X5 Plug-in Hybrid og bókaðu reynsluakstur á bl.is

#joyelectrified by 

4 ÁRA ÁBYRGÐ

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



■ Skoðun

Helgi Vífill
Júlíusson



Sömu mistökin

Íslenska þjóðin er heppin að hafa seðlabankastjóra sem þorir að tjá sig tæpitungulaust og afskyrnsemi um efnahagsmál. Má nefna þegar verkalyðshreyfingin fer fram með óábyrgar launakröfur sem munu stuðla að aukinni verðbólgu. Hagstjórn hefur jú þrjá arma: Seðlabankann, hið opinbera og vinnu-markaðinn.

Það er ekki sjálfgefið að seðlabankastjóri eða aðrir fróðir stigi fram með afgerandi hætti í opinberri umræðu. Það leiðir oft til þess að skömmum rignir yfir þann sem tekur af skarið. Það er hins vegar mikilvægt að seðlabankastjóri upplýsi landsmenn um hvað of miklar launahækkningar hafa í för með sér: Verðbólgu og hærri vexti. Sem sagt lakari lífskjör. Þekkt er að verðbólga bitnar verr á þeim sem standa höllum fæti.

Því miður erum við ekki jafn gæfurík með hverjir hafa valist til að leiða verkalyðshreyfinguna. Þeir sem standa í stafni hafa hvorki sýnt auðmýkt gagnvart sögunni né rannsóknum í hagfræði. Kæra sig kollotta um kjaraskerðinguna sem höfrungahlaup, það er víxlverkun launa og verðlags, sem launafolk verður fyrir. Án slíkrar auðmýktar munu leiðtogarnir leggja mikið á sig við að teyma landsmenn í „hlýjuna“ af verðbólguhálinu. Að sama skapi mun verðbólgan draga úr samkeppnishæfni atvinnulífsins sem er forsenda fyrir góðum lífskjörum almennings og öfluglu mennta- og velferðarkerfi.

Þrátt fyrir að stýrivextir hafi nýverið verið hækkaðir um 0,5 prósentustig í 2 prósent og krónan styrkt hafa verðbólguvæntingar engu að síður farið vaxandi ef marka má þróunina á skuldabréfamarkaði. Það má meðal annars rekja til framgöngu verkalyðshreyfingarinnar og að ekki sé búist við öðru en að launahækkningar kjarasamninga verði hærri en hagkerfið getur staðið undir án óhöflegar verðbólgu. Háar verðbólguvæntingar geta skapað vítahring verulegra launahækkana og stærri stökka í verðhækkun á vöru og þjónustu.

Til að bæta gráu ofan á svart magnaði hið opinbera vandann með því að semja um mun hærri launahækkningar að undanförunu en öðrum bauðst. Á hinum Norðurlöndunum miðast kjarasamningar við það hverju útflutningsgreinarnar geta staðið undir en þær eru undirstaða hagsældar hvers lands.

Við þurfum að læra af reynslunni. Það er því miður ríkur vilji til að endurtaka mistökin. ■



HS Orka flokkast sem óskráð fjárfesting.
FRÉTTABLAÐID/
ERNIR

Svigrúm lífeyrissjóða til fjárfestinga í óskráðum eignum naumt skammtað

Framkvæmdastjóri Birtu segir að fjárfestingar í stórum erlendum framtakssjóðum falli undir óskráðar eignir en í þeim geti engu að síður falist mikil áhættudreifing. Eins flokkist innviðafjárfestingar sem óskráðar eignir en að þær geti verið ákjósanlegir fjárfestingakostir fyrir lífeyrissjóði.

helgivifill@frettabladid.is

Stjórnendur nokkurra lífeyrissjóða telja að auka eigi heimildir sjóðanna til að fjárfesta í óskráðum eignum. Hámarkið miðast nú við 20 prósent af eignum.

Davíð Rúdólfsson, forstöðumaður eignastýringar Gildis lífeyrissjóds, segir að svigrúm til fjárfestinga í óskráðum eignum sé fremur þröngt skammtað. Það séu góð rök fyrir því að lífeyrissjóðum verði heimilað að fjárfesta í meira mæli í óskráðum eignum. Á það sérstaklega við um þá lífeyrissjóði sem séu með tiltölulega unga sjóðfélaga og jákvætt innstreymi og fjárfesti því til langs tíma. „Auknar fjárfestingar í óskráðum eignum getu stuðlað að hærri ávöxtun til lengri tíma,“ segir hann og bendir á að skráning eigna í kauphöll sé engin trygging fyrir betri eða áhættuminni fjárfestingum.

Hann segir að núverandi þak á óskráðar eignir geri það að verkum að lífeyrissjóðir fjárfesti til dæmis síður í óskráðum skuldabréfum. Gildi sé ekki að nýta svigrúmið til fjárfestinga í óskráðum eignum til fulls. „Við notum heimildina fyrst og fremst til að fjárfesta í óskráðum hlutabréfum og sjóðum og við notum hana sparlega því rýmið er takmarkað,“ segir Davíð.

Samtryggingarkerfið byggir á því

Aukin umsvif í innviðum gætu dregið úr umsvifum á hlutabréfamarkaði

Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu, segir að ef lífeyrissjóðir gætu fjárfest í ríkari mæli í innlendum innviðum gæti það leitt til þess að umsvif þeirra á innlendum hlutabréfamarkaði minnkuðu. „Það gæti dregið úr samþjöppun eignarhalds hjá lífeyrissjóðum á skráðum fyrirtækjum í Kauphöll,“ segir hann.

að sjóðfélagar sameinast um að tryggja hverjir öðrum ellilífeyri til æviloka og verja sjóðfélaga og fjölskyldur þeirra fyrir tekjumissi vegna örorku eða andláts.

Ad sögn Davíðs eigi hátt hlutfall óskráðra fjárfestinga síður við fyrir séreignasjóði sem þurfi að gæta betur að seljanleika eigna. Sama geti átt við um samtryggingarsjóði með eldri sjóðfélaga og háa lífeyrisbyrði.

Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu, segir að fjárfestingar í stórum erlendum framtakssjóðum falli undir óskráðar eignir en í þeim geti engu að síður falist mikil áhættudreifing. Sjóðirnir eigi í fjölda fyrirtækja. Að sama skapi flokkist innviðafjárfestingar, eins og til dæmis HS Orka og mögulega Mila, sem óskráðar eignir en að þær geti verið ákjósanlegir fjárfestingakostir fyrir lífeyrissjóði engu að síður og versni ekki bara við það að teljast óskráðar.

Hann bendir á að upplýsingastreymi óskráðra fyrirtækja hafi aukist. Ársreikningar liggja alla jafna fyrir hálfu ári eftir áramót og



Auknar fjárfestingar í óskráðum eignum gætu stuðlað að hærri ávöxtun til lengri tíma.



Davíð Rúdólfsson, forstöðumaður eignastýringar Gildis lífeyrissjóds

því sé hægt að fylgjast með hvernig reksturinn gangi.

Ad sögn Ólafs megi þó ekki gera litið úr kostum þess að fjárfesta í skráðum eignum í Kauphöll. Þar séu fjárhagsupplýsingar aðgengilegar, markaðsverð liggja fyrir og auðveldara sé að selja slíkar eignir.

Hjörleifur Arnar Waagfjörð, forstöðumaður eignastýringar hjá Arion banka sem annast eignastýringu fyrir Frjálsa lífeyrissjóðinn og fleiri sjóði, segir að lífeyrissjóðir séu í eðli sínu langtíma fjárfestar. Ut frá því megi færa rök fyrir því að inn í eignasöfn þeirra henti ágætlega óskráðar fjárfestingar sem oft feli í sér langtímabindingu og takmarkaðan seljanleika til skemmri

tíma. „Fyrir þá aðila sem við önnumst eignastýringu fyrir í dag tel ég núverandi þak ekki takmarkandi þátt en vissulega getur staðan verið mismunandi eftir sjóðum. Þar spila inn í þættir eins og núverandi hlutfall og skuldbindingar í óskráðum eignum, hvort sjóðurinn sé að greiða meira út heldur en iðgjöld sem koma inn svo og aldurssamsetning sjóðfélagahóps,“ segir hann.

Harpa Jónsdóttir, framkvæmdastjóri LSR, segir að hlutfall óskráðra eigna af fjárfestingum fyrir A- og B-deild LSR sé undir 10 prósentum og því séu reglur um 20 prósent hámark ekki takmarkandi fyrir sjóðinn. Hvað LSR varðar sé því engin sérstök þörf á að hækka þetta hámark.

Lífeyrissjóður verslunarmanna segir að 20 prósent hámark á óskráðar eignir hamli ekki virkri eignastýringu sjóðsins. Breytt hlutfall sé því ekki aðkallandi fyrir sjóðinn. Í svari við fyrirspurn segir að hámarkið kunni að takmarka virka eignastýringu annarra lífeyrissjóða sem séu með annars konar eignasamsetningu og því geti verið rök fyrir því að endurmeta hlutfallið.

Lífeyrissjóður verslunarmanna hafi, eins og aðrir fjárfestar, hagsmunir af því að sem flestir fjárfestar geti tekið virkan þátt í viðskiptum, þar með talið með óskráðar eignir.

„Það er mikilvægt að stjórnvöld geti á hverjum tíma fært fram góð rök fyrir þeim takmörkunum sem lífeyrissjóðum eru settar við eignastýringu. LV styður því eðlilega opna umræðu um nefnd mörk. Í þessu sambandi er vert að hafa í huga að hagsmunir lífeyrissjóða eru mismunandi þegar kemur að þörf fyrir auðseljanlegar eignir en það er ein af röksemdunum fyrir tilteknu hámarki á óskráðar eignir.“ ■



Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • LEIFSTÖÐ • KEFLAVÍK

FENDI

ROMA

Teljum niður í Svartan Föstudag

30%

AFSLÁTTUR



ERGOMOTION
Stillanlegt heilsurúm

Verð á svörtum föstudegi frá

346.017 kr.

Fullt verð frá 494.310 kr.

Ergomotion +40 2x90x200, Corinna



PEGGY
Hægindastóll

Verð á svörtum föstudegi

209.930 kr.

Fullt verð frá 299.900 kr.

Komdu strax í dag og gerðu frábær kaup

Húsgögn | Rúm | Hægindastólar | Stillanleg rúm

Öll tilboðin er að finna á vefverslun okkar vogue.is

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

IP Studium tapaði 202 milljónum

helgivifill@frettabladid.is

IP Studium Reykjavík, fjárfestinga-félag Ingibjargar Stefaniu Pálmadóttur, tapaði 202 milljónum króna fyrir skatta árið 2020 samanborið við 442 milljóna króna hagnað eftir skatta árið áður.



Ingibjörg Stefaniu Pálmadóttir, fjárfestir

Fram kemur í nýbirtum ársreikningi að rekstur félagsins hafi mótast umtalsvert af áhrifum af Covid-19 heimsfaraldrinum. Leigutækjur drógust saman um 78 prósent og námu 27 milljónum króna. Áhrif af rekstri dóttur- og hlutdeildarfélaganna leiddu til 12 milljóna króna taps árið 2020 en árið áður lagði sá þáttur til 446 milljónir króna til rekstrarins.

Eigið fé félagsins var 2,6 milljarðar króna árið 2020 en eignirnar 5,5 milljarðar. Félagið á meðal annars Hverfisgötu 8 til 10, sem hýsir 101 hótél, og er fasteignin bókfærð á 1,8 milljarða króna, og 43 prósent hlut í 365 sem bókfærður er á 1,6 milljarða króna. Ingibjörg Stefaniu á 99,8 prósent hlut í 365, samkvæmt Fyrirtækjaskrá. Eignir 365 voru bókfærðar á 6,5 milljarða árið 2020 og eigið fé 3,4 milljarðar króna. Félagið á meðal annars í Streng sem fer með meirihluta í Skeljungu. ■

Vöxtur í lánnum til lítilla fyrirtækja

helgivifill@frettabladid.is

Arion banki segir að lánasafn bankans til lítilla og meðalstórra fyrirtækja hafi vaxið umtalsvert á síðustu árum. Stóru bankarnir þrír segjast ekki halda að sér höndum þegar kemur að lánveitingum til lítilla fyrirtækja. Landsbankinn er með þá stefnu að auka markaðshlutdeild í lánnum til lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Þetta kemur fram í svörum frá bönkunum.

Kristrún Frostadóttir, fyrrverandi aðalhafnir Kviku banka og nú þingmaður Samfylkingarinnar, sagði í Silfrinu í Ríkissjónvarpinu á sunnudag að hjá bönkum væru hvatar til að láta ungt fólk taka himinhá fasteignalán en að lítil fyrirtæki ættu helst að reka sig á eigin fé.

„Svo má nefna,“ segir í svari frá Arion banka, „að eftirlitsaðilar hafa dregið úr kröfum um eiginfjárbindingu banka vegna lánveitinga til lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem býr til jákvæða hvata til frekari lánveitinga á þessu sviði.“

Landsbankinn segir að liður í markaðssókn sinni til að auka útlán til lítilla og meðalstórra fyrirtækja sé betra app sem henti betur þeim markaði sem hafi leitt til aukningar í viðskiptum. „Varðandi samspil útlána og eftirspurnar eftir lánsfé þá fer það eftir aðstæðum hverju sinni og við mat bankans á lánnum er horft til þess að fyrirtæki þurfa að hafa áætlanir um hvernig reksturinn mun standa undir aukinni skuldsættingu,“ segir í svari.

Íslandsbanki segir að að jafnaði séu gerðar meiri kröfur til eiginfjárframlags hjá nýjum fyrirtækjum með stutta viðskiptasögu eða sem séu að hefja rekstur. „Sem fyrr er bankinn þó opinn fyrir öllum áhugaverðum verkefnum og er hvert mál skoðað vandlega.“ ■

Mikill skortur á atvinnuhúsnæði

Formaður Félags fasteignasala segir að mikill skortur sé á atvinnuhúsnæði og býst hann ekki við því að staðan muni lagast fyrir en eftir þrjú til fimm ár. Forstjóri Regins segir að það sé skortur á ákveðnum tegundum af atvinnuhúsnæði.

magdalena@frettabladid.is

Hannes Steindórsson, formaður Félags fasteignasala, segir að staðan á atvinnuhúsnæðismarkaði sé samþærileg og á íbúðamarkaði. „Framboð af atvinnuhúsnæði í dag er einfaldlega mjög lítið. Fyrir um tveimur árum síðan var framboðið mikið en í kjölfar heimsfaraldursins hefur þetta meira og minna hreinsast upp. Sem dæmi um það er að stóru fasteignafélögin eiga lítið óútleigt,“ segir Hannes og bætir við að í kringum Covid hafi fjárfestar leitað mikið í fasteignir.

„Fjárfestar leituðu mikið í fasteignir í Covid og þegar aðeins leið á faraldurinn þá héldu fyrirtæki að þau gætu minnkað við sig fermetra því fólk fór að vinna heima í meiri mæli.“

Helgi S. Gunnarsson, forstjóri Regins, segir að það sé skortur á atvinnuhúsnæði eins og staðan er í dag og þá sérstaklega á ákveðnum tegundum af atvinnuhúsnæði.

„Það er til að mynda mikill skortur á hágæða skrifstofuhúsnæði þar sem staðsetningin er góð og á svæðum sem eru vinsæl eins og til dæmis á Smáralindarsvæðinu, í Borgartúninu og fleiri stöðum. Það vantar líka atvinnuhúsnæði með góðri aðkomu og tengingum við bílastæði í kjöllurum og á lóð,“ segir Helgi og bætir við að það vanti einnig minni iðnaðar- og lagerhúsnæði.

Hannes bætir við að það þurfi að gefa verulega í við byggingu á atvinnuhúsnæði.

„Það er einfaldlega verið að byggja of lítið af atvinnuhúsnæði og það sama á við um íbúðarhúsnæði. Fyrir um tveimur árum bjóst markaðurinn allt eins við því að það yrði



Hannes Steindórsson, formaður Félags fasteignasala, segir að það séu rétt um 200 atvinnuhúsnæðiseignir til sölu.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK



Það er einfaldlega verið að byggja of lítið af atvinnuhúsnæði og það sama á við um íbúðarhúsnæði.



Hannes Steindórsson, formaður Félags fasteignasala



Helgi S. Gunnarsson, forstjóri Regins

offramboð en það varð ekki raunin. Í Reykjavík koma upp, ef maður leitar í leitarvélinni, 500 lausar fasteignir en taka þarf inn í myndina að margar af þessum eignum eru tviskráðar og sumt í leigu þannig að þetta eru ekki nema svona um 200 eignir sem eru til sölu.“

Hann segir jafnframt að hann búist við að staðan muni batna innan þriggja til fimm ára. „Það eru áform um að byggja töluvert af atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Mikið af nýbyggingum er með lítil atvinnurými á jarðhæð, sem er skemmtilegt en það þarf auðvitað stærri einingar.“

Aðspurður hvað staðan hafi varið lengi segir Helgi að ástandið hafi

varað í þó nokkurn tíma. „Á þessu ári höfum við séð eftirspurnina vera að aukast stöðugt og það eru skýr merki í hagkerfinu um bata framundan. Það leiðir af sér að fyrirtæki eru að horfa til þess að stækka við sig, breyta og styrkja sig.“

Hann bætir við að hann sé bjartsýnn á að ástandið muni batna á komandi misserum. „Þessi málaflókkur þarf þó að vera stöðugt í uppfærslu og endurnýjun. Fyrirliggjandi spár um breytta borgarþróun og fjölgun á höfuðborgarsvæðinu sýna að það þarf meira af atvinnuhúsnæði til að styðja við þá þróun. Það eru margir sem benda á að það sé nóg framboð af skrifstofuhúsnæði en ég er ekki alveg sammála því. Það er kannski nóg framboð af ákveðinni tegund af skrifstofuhúsnæði, það er að segja gömlu og úreltu, en fyrirtækin eru ekkert að sækjast í það.“

Hannes bætir við að stjórnvöld og sveitarfélög geti gert ýmislegt til að bæta úr stöðunni. „Auka skipulag og stytta boðleiðir, auðvelda ferla í skipulaginu.“ ■

Forfallinn Eurovision-aðdáandi

■ Svipmynd

Alma Sigurðardóttir

Nám: BA-próf í spænsku og meistaraþráða í mannauðsstjórnun, hvort tveggja frá Háskóla Íslands. Tók hluta af spænskunáminu við tvo háskóla í Madrid á Spáni.

Störf: Starfaði við mannauðsmál hjá byggingarverktakanum Ístaki og Elju – alhliða mannauðslausnum í rúm átta ár. Áður hjá Norræna félaginu við upplýsingaþjónustu Norrænu ráðherranefndarinnar og sumarvinnumiðlunina Nordjobb.

Fjölskylduhagur: Ég er gift og á tvo drengi í grunnskóla, 7 ára og næstum 13 ára.

Alma Sigurðardóttir tók nýverið við starfi mannauðsstjóra Gæðabaksturs. Hún er mikill Eurovision-aðdáandi og hefur gaman af því að hlusta á glæpasögur og fara í göngutúr.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Ég hef gaman af að lesa og hlusta á glæpasögur, elska Eurovision og er nýlega farin að stunda göngur og útivist. Mér finnst líka hættulega huggulegt að slappa af með fjöl-



Eftirlætisborgin hennar Ölmur er Madrid en hún bjó þar í um tvö ár og saknar mikið matarins og mannlífsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

skyldunni fyrir framan sjónvarpið.

Hvernig er morgunrútinan þín?

Ég er B-plús-manneskja og fer ekki á fætur fyrir en ég þarf. Morgnarnir snúast að mestu um að koma sonum af stað á réttum tíma í skóla, klæddum eftir veðri og helst með morgunmat í maganum. Ég borða alltaf morgunmat þótt það sé stundum á hlaupum og fæ mér

kaffibolla þegar ég mæti til vinnu.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Ég hef alltaf verið hrifin af bókum í dagbókarformi og las til dæmis Dagbók Önnu Frank og Dagbókina hans Dadda um Adrian Mole mörgum sinnum sem unglingur. Í seinni tíð má kannski nefna bókina Móðir eftir Alejandro Palomas.



Ég hef gaman af að lesa og hlusta á glæpasögur, elska Eurovision og er nýlega farin að stunda göngur og útivist.

Hvar sérðu þig eftir 10 ár?

Vonandi hraust, hamingjusöm og enn starfandi við mannauðsmál.

Ef þú þyrfti að velja annan starfsframa, hvað yrði fyrir valinu?

Einkaspæjari eða náms- og starfsráðgjafi. Hér á landi eru samt sennilega fleiri atvinnutækifæri fyrir náms- og starfsráðgjafa.

Hver er uppáhalds borgin þín?

Madrid er besta borgin í heimi. Ég bjó þar í alls um tvö ár og sakna mikið matarins, mannlífsins og allra gardanna. Það er fátt betra en Madrid í mildu veðri að vori eða hausti, að rólta um, horfa á fólk og fá sér að borða undir berum himni. ■

Myrkir markaðs- dagar.

Gerðu mögnuð kaup á myrkum markaðsdögum á Heimkaup og kláraðu jólagjafirnar á öruggan og ódýran hátt. Glæsilegt úrval af alls kyns vörum á risaafslætti.



Apple HomePod mini
Verð: ~~24.890 kr.~~ 18.790 kr.



AEG 6000 ProSense þvottavél 7 kg
Verð: ~~119.990 kr.~~ 69.990 kr.



EarFun UBoom þráðlaus hátalari
Verð: ~~16.990 kr.~~ 11.893 kr.



Philips 43" 4K (2021) Ambilight Android
Verð: ~~139.990 kr.~~ 97.990 kr.



Philips 50" 4K (2021) Ambilight Android
Verð: ~~169.990 kr.~~ 119.990 kr.



Samsung 65" snjallsjónvarp 4K (2021)
Verð: ~~219.990 kr.~~ 169.990 kr.



Feiyutech Kica nuddbyssa
Verð: ~~19.990 kr.~~ 14.990 kr.



NutriBullet Balance blandari 1200W
Verð: ~~25.990 kr.~~ 19.990 kr.



Philips ferðahárblásari
Verð: ~~3.990 kr.~~ 1.990 kr.

heimkaup



Bjarni Bragi Jónsson og Ágúst Heiðar Gunnarsson luku nýverið námi í gagnavísindum. MYND/ADSEND

Tveir til DataLab

helgivifill@frettabladid.is

Tækni- og ráðgjafarfirmar DataLab hefur ráðið til starfa tvo unga sérfræðinga, Bjarna Braga Jónsson og Ágúst Heiðar Gunnarsson. Þeir luku nýverið framhaldsnámi erlendis með sérhæfingu í gagnavísindum. Þetta kemur fram í tilkynningu.

Hjá DataLab munu Ágúst Heiðar og Bjarni Bragi þróa gagnadrifnar og snjallar lausnir og veita íslenskum fyrirtækjum og stofnunum ráðgjöf um hagnýtingu gagna og gervigreindartækni í starfsemi sinni.

Ágúst Heiðar lærði fjármálaverkfræði í Háskólanum í Reykjavík og lauk M.Sc.-prófi í Data Science í UCL í London árið 2020.

Að loknu grunnnámi starfaði Ágúst Heiðar hjá Kviku eignastýringu þar sem hann fékkst einkum við þróun gagnainviða og sjálfvirknivæðingu.



Ágúst Heiðar og Bjarni Bragi munu þróa gagnadrifnar og snjallar lausnir og veita ráðgjöf um hagnýtingu gagna og gervigreindartækni.

Bjarni Bragi lærði eðlisfræði og hugbúnaðarverkfræði í Háskóla Íslands og lauk M.Sc.-prófi í eðlisfræði frá ETH í Zürich í Sviss árið 2017. Að námi loknu starfaði Bjarni hjá ráðgjafarfirmar DataLab í Zürich þar sem hann vann ýmis gagnadrifin verkefni tengd fjármálageiranum, bæði í Zürich og London. Samhliða námi á Íslandi starfaði Bjarni Bragi hjá Veðurstofnunni og Datamarket.

DataLab er tækni- og ráðgjafarfirmar stofnað árið 2016. Lausnir DataLab eiga það sameiginlegt að hagnýta gögn og aðferðir úr smiðju gagnavísinda og gervigreindar. ■



Óli Hall, sölu- og markaðsstjóri Nordic Wasabi, og Ragnar Atli Tómasson, stofnandi og framkvæmdastjóri fyrir-tækisins.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Vilja bjóða upp á einstaka upplifun

Nordic Wasabi er eitt af þeim sex fyrirtækjum sem taka þátt í nýsköpunarhraðlinum Til sjávar og sveita. Fyrirtækið sérhæfir sig í ræktun á hágæða wasabi-rót og selur vöruna til margra af bestu veitingahúsum í heimi.

magdalena@frettabladid.is

Nýsköpunarfyrirtækið Nordic Wasabi sérhæfir sig í ræktun á hágæða wasabi-rót. Fyrirtækið er eitt af þeim sex fyrirtækjum sem taka þátt í nýsköpunarhraðlinum Til sjávar og sveita í ár.

„Við stofnuðum fyrirtækið Jurt árið 2015 en hugmyndin kviknaði í verkfræðinámi við Háskóla Íslands. Við vonumst til þess að þátttaka okkar í Til sjávar og sveita skili okkur aukinni þekkingu og nýjum tólum til þess að halda áfram uppbyggingu á vörumerki okkar á erlendum mörkuðum. Við höfum byggt upp útflutning á vörum okkar síðustu ár og höfum komið vörinni inn á bestu veitingahús í heimi,“ segir Ragnar Atli Tómasson, stofnandi og framkvæmdastjóri fyrirtækisins, og bætir við að í framleiðslunni nýti þeir sér sérstöðu Íslands.



Þetta er einfaldlega allt önnur vara. Miklu hreinna bragð því um er að ræða ferskt grænmeti en þetta er líka sterkt eins og eftirlíkingin, með góðu eftirbragði.

Óli Hall, sölu- og markaðsstjóri Nordic Wasabi

„Í framleiðslunni nýtum við okkur þær auðlindir sem Ísland hefur upp á að bjóða. Ferska vatnið okkar er það hreinasta í heimi og við eigum mestu vatnsbirgðir á íbúa í heimi. Síðan má ekki gleyma rafmagninu og jarðvarmanum sem er allt úr endurnýjanlegum orkugjöfum. Það sem við erum að gera er að búa til alveg nýja útflutningsvöru.

Við erum fyrsta fyrirtækið til að flytja út grænmeti á Íslandi. Við höfum verið að rækta grænmeti á

Íslandi og getum í raun ræktað allt sem okkur dettur í hug í gróðurhúsum. Við höfum ræktað kál, tómata og paprikur en við áttuðum okkur snemma í ferlinu á því að við þurfum að gera eitthvað annað en það sem allir aðrir eru að gera því við erum ekkert að fara að keppa í verði á innlenda markaðnum.

Við erum að keppa í gæðum og viðskiptavinir okkar eru veitingastaðir í Evrópu,“ segir Ragnar og bætir við að það sé mikill munur á því ferska wasabi sem þeir bjóða upp á og því hefðbundna sem fá má á sushi-stöðum.

„Wasabi-plantan vex í fjalllendiinu í Japan og er talin vera erfiðasta planta í heiminum til að rækta en við höfum náð að rækta hana í gróðurhúsum. Það wasabi sem fólk fær með sushi er í raun ekki eiginlegt wasabi því það er búið til úr gerviefnum. Við ræktum aftur á móti ferskt wasabi frá þessari japönsku plöntu.“

Óli Hall, sölu- og markaðsstjóri Nordic Wasabi, segir að það sé mikill bragðmunur á fersku wasabi og því sem er búið til úr gerviefnum. „Þetta er einfaldlega allt önnur vara. Miklu hreinna bragð því um er að ræða ferskt grænmeti en þetta er líka sterkt eins og eftirlíkingin, með

góðu eftirbragði,“ segir Óli og bætir við að það sé mikilvægt að matreiða rótina á réttan hátt. „Það er mjög mikilvægt að rífa rótina niður á ákveðinn hátt því annars kemur ekki rétt bragð. Þessi rót er ekki eins og gulrót sem hægt er bara að bíta í heldur þarf að útbúa hana á sérstakan hátt.“

Aðspurður hvernig fyrirtækinu hafi gengið segir Óli að starfsemin hafi gengið vonum framar. „Þetta er búið að ganga virkilega vel og við sjáum ekki aðeins áhuga hjá veitingastöðum heldur sjáum við líka sívaxandi áhuga hjá einstaklingum. Fólki sem er að elda heima og vill prófa eitthvað nýtt.“

Við erum með vefverslun þar sem við seljum allar þær græjur sem til þarf til að búa til hágæða wasabi. Gjafaöskjurnar okkar eru vinsæl tækifærisgjöf en þær innihalda tól til wasabi-gerðar og wasabi-rótina sjálfa. Við seldum mikið af þessu fyrir jólin í fyrra og bjóðum aftur upp á þetta í ár. Þetta er í raun upplifun sem við erum að selja.“

Ragnar bætir við að þeir hafi einnig opnað verslun á Skólavörðustíg 40 þar sem hægt er að nálgast vörurnar og fá fræðslu um wasabi-rótina og matargerð í tengslum við hana. ■



FJÁRFESTING Í SJÓÐUM ER GÓÐUR VALKOSTUR

TIL AÐ ÁVAXTA PENINGA TIL SKEMMRI OG LENGRI TÍMA



ÍSLENSK VERÐBRÉF

Kynntu þér árangur og úrval íV sjóða á WWW.IV.IS

— síðan 1987 —

Takk dagur Fossa tileinkaður Jafningjasetri Reykjadals

magdalena@frettabladid.is

Einu sinni á ári renna allar þóknatekjur Fossa markaða til góðs málefns. Starfsfólk Fossa velur málefnið hverju sinni.

„Afar ánægjulegt er að geta, í samstarfi við viðskiptavini og samstarfsaðila, staldrað aðeins við og þakkað fyrir það sem vel er gert. Starfsfólk Fossa velur á ári hverju málefni til að styðja og sýnist mér, sem endranær, afar vel hafa tekist til,“ segir Haraldur Þórðarson, forstjóri Fossa markaða, en Takk dagur Fossa fer fram í sjöunda sinn á morgun, fimmtudag.

Á Takk daginn í ár renna allar þóknatekjur Fossa til þess að koma varanlegu húsnæði yfir nýhafna starfsemi Jafningjaseturs



Haraldur Þórðarson, forstjóri Fossa markaða

Reykjadals. „Jafningjasetrið hóf starfsemi í Hafnarfirði í haust og var gríðarvel tekið,“ segir Haraldur. Um er að ræða félagsmiðstöð fyrir börn og ungmenni með fötlun eða sérþarfir. „Starfsemin fer nú fram í tímabundnu húsnæði og ánægjulegt er að styðja við að hún fái varanlegan samastað.“

Auk Fossa taka Kauphöllin (Nasdaq Iceland) og uppgjörsfyrirtækið

T Plus þátt í Takk deginum með því að fella niður öll gjöld af viðskiptum Fossa innan dagsins og renna þau í staðinn til söfnunarinnar. Þá gefur auglýsingastofan TVIST vinnu sína sem tengist deginum.

Alla jafna hefur afrakstri dagsins verið fagnað með gleðskap í lok dags, en í fyrra setti heimsfaraldur Covid-19 strik í þann reikning og sama er uppi á teningnum núna. Því er farin svipuð leið og í fyrra þegar deginum var fagnað með rafrænum hætti. Þá var leitað liðsinnis „hraðfréttamanna“ til að búa til „Takk-fréttastofu“, en í ár halda leikkonurnar Saga Gardarsdóttir og Katrín Halldóra Sigurðardóttir uppi fjörinu á Takk daginn með skemmtiatriðum og stuttum myndböndum. ■

SVARTUR FÖSTUDAGUR



**32%
AFSLÁTTUR**

Sextíu kíló af kjaftshöggum
TILBOÐSVERÐ: 4.999.-
Verð áður: 7.299.-



**29%
AFSLÁTTUR**

Horfnar
TILBOÐSVERÐ: 4.999.-
Verð áður: 6.999.-



**26%
AFSLÁTTUR**

Heima hjá læknum í eldhúsinu
TILBOÐSVERÐ: 5.899.-
Verð áður: 7.999.-



**32%
AFSLÁTTUR**

Úti
TILBOÐSVERÐ: 4.999.-
Verð áður: 7.299.-

VALIN SPIL!



**50-60%
AFSLÁTTUR**

ALLAR VÖRUR FRÁ Hama



**25%
AFSLÁTTUR**

ALLAR ERLENDAR BÆKUR!

vitra.



**60%
AFSLÁTTUR**

VITRA Trays (3 stk. í setti)
TILBOÐSVERÐ: 7.569.-
Verð áður: 18.990.-



**25%
AFSLÁTTUR**

VITRA Toolbox
TILBOÐSVERÐ: 5.192.-
Verð áður: 6.490.-



**20%
AFSLÁTTUR**

Rafhlaupahjól MI M365
TILBOÐSVERÐ: 49.999.-
Verð áður: 62.999.-

vitra.

**20%
AFSLÁTTUR**

FRÍ HEIMSENDING*

EF PANTAÐ ER FYRIR
10.000 KR. EÐA MEIRA
Á VEFNUM OKKAR.



Pú færð SMS áður en við mætum.
Við gætum fyllsta hreinlætis og fylgjum ráðleggingum
um sóttvarnir í öllum okkar afhendingum.
*á ekki við um húsgögn.

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 28. nóvember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Flokkslínur



Adalheiður
Ámundadóttir
adalheidur
@frettabladid.is

Það er mál manna að undirbúningsnefnd kjörbrefanefndar Alþingis hafi staðið sig ágætlega í þeim rannsóknarlögreglustörfum sem hún hefur fengið við undanfarnar átta vikur. Fækkað hefur í þeim hópi sem var fullviss um að nefndin myndi hvítþvo fúskið í Norðvesturkjördæmi og skvaldra sig niður á fyrir fram ákveðna tillögu til þingsins um gott veður og óbreytt ástand.

Við þurfum að biða einn dag enn eftir þeim tillögum sem lagðar verða fyrir þingið, en þótt svo fari, sem flesta grunaði, að kjörbrefin sem landskjörstjórn gaf út eftir kosningar verði staðfest, og það hafi kannski alltaf verið planið, verður að gefa Birgi og nefnd hans það sem hún á.

Tillögurnar munu nær örugglega valda mörgum vonbrigðum en nefndin vann gott starf og fyrir liggur niðurstaða ítarlegrar rannsóknar þar sem flestum steinum var velt við. Þingmannsefni og kjósendur sem hyggjast leita réttar síns hjá dómstólum fá ómetanlegt innlegg í málsóknir sínar.

Við höfum öll lært eitthvað. Og þótt margir hrylli sig nú, eftir að ormagryfjan var opnuð, við tilhugsunina um það fúsk sem viðgengist hefur í framkvæmd kosninga allan líftíma lýðveldisins, getum við huggað okkur við að engan langar að leika þennan leik aftur við framkvæmd kosninga. Aldrei aftur.

Ljóst er að breyta þarf lögum og taka af skarið um ýmis þokukennnd atriði. Efla þarf kosningaefntilrit. Umboðsmenn flokka munu skilja hlutverk sitt betur og þau sem tilnefnd eru í kjörstjórnir munu hugsa sig vandlega um, vegna þeirrar ábyrgðar sem á herðum þeirra hvílir.

Og nú er boltinn hjá Alþingi. Rétt eins og forðum, þegar Alþingi þurfti að loknum ítarlegum rannsóknum að taka af skarið um hvort ákæra skyldi ráðherra, flokkssystkini og vinnufélaga.

Þótt nefndin hafi skilað greinargóðum niðurstöðum um framkvæmd kosninganna er hún ekki á einu máli um hvað gera skuli í framhaldinu. Nú á síðustu metrunum gætu flokkslínurnar verið að koma í ljós en þriggja eða fjögurra tillagna er að vænta frá nefndarmönnum sem leiddar verða til lykta á morgun.

Þá er vonandi að þingmenn skilji pólitíkina eftir fyrir utan þingsalinn og gleymi því ekki að Alþingi á að vera skipað þeim sem kjósendur í landinu velja, ekki þeim sem alþingismenn sjálfir vilja vinna með. Líkt og í Landsdómsmálinu er ákvörðun þingheims í eðli sínu lögfræðileg og siðferðileg, en hvorki praktísk né pólitísk.

Til þess eru vitin að varast þau. Látið sannfæringuna frekar en flokkslínur ráða. ■

■ Halldór



■ Frá degi til dags

arib@frettabladid.is

Gísla saga húsnæðismarkaðar

Íslenskir netheimar skiptust í tvennt eftir hárbeyttu gagnrýni fræðsluvettvangsins Fortuna Invest á Instagram. Má segja að íslenska skólakerfið hafi fengið það óþvegið er dregin var upp mynd af nemanda að spyrja hvernig taka eigi lán en fékk svarið frá kennaranum að haldið skyldi áfram að lesa Gísla sögu Súrssonar. Hvað verður um sögu þjóðar ef tala á um lán í skólunum? Opnast dyr að hlutverka-leik nemenda sem setja sig inn í húsnæðismarkað fortíðarinnar þar sem flokksskírteini þurfti til að fá lóð og annað til að fá lán?

Bróðurráð í beinni

Helgi Hrafn Gunnarsson, sem gat sér gott orð sem þingmaður Pírata, gefur systur sinni Arndís Önnu Kristínardóttur Gunnarsdóttur góð ráð á Facebook í ljósi þess að hún tók sæti á Alþingi í gær. Helgi þekkir starfsvenjur þingsins og ráðleggur henni að neita að skrifa undir drengskaparheitið. Ekki að það sé neitt að því, það væri bara áhugavert að vita hvað myndi gerast. Þá vill hann að Arndís segi „furðulegi forseti“ svo hratt í upphafi ræðu að forseti þingsins geti ekki verið viss um að hún hafi ekki sagt virðulegi forseti. Ráðin eru mörg en Helgi gleymdi eiginlega ráði Pírata númer eitt. Alltaf mæta á sokkaleistunum. ■

Konur Suðurnesja – okkar tími er kominn



Guðný Birna
Guðmundsdóttir
hjúkrunarstjóri og
formaður stjórnar
HS Veitna

Suðurnesin eru landsvæði tækifæra. Í áratugi hefur fólk af öllu landinu auk erlendra íbúa leitað til Suðurnesja í atvinnuleit, fyrst í fiskvinnslu á svæðinu og síðar í flugvallarstarfsemi og ferðaþjónustu. Á Suðurnesjum finnst gróska hugvits og seiglu en við höfum lent í hinum ýmsu kreppum sem við höfum unnið okkur úr saman. Atvinnuleysi var okkur erfitt á árunum 2020-2021 þar sem atvinnuleysi var mest hjá okkur af öllu landinu; 13,7% í maí 2021 og 9,1% í september meðan meðtals atvinnuleysi á landinu öllu var 5,1%. Það sem athyglisverðast var að atvinnuleysi kvenna var einnig mest á Suðurnesjum; 13,1% meðan meðaltalið fyrir landið allt var 6,5%. Staða kvenna á Suðurnesjum er þó björt og horfir til bjartari vegar. Atvinnuleysi hefur minnkað um 17% undanfarna átta mánuði sem ber virkilega að fagna.

Kortleggjum tækifærin

Samfélagið okkar er að lifna við í takt við nýja Covid-tíma og ljóst er að tækifærin eru til staðar er kemur að atvinnusköpun kvenna, við þurfum bara að kortleggja þessi tækifæri. Við þurfum að nýta okkur styrkleikana sem felast í fjölbreytileika samfélagsins á Suðurnesjum með því að styðja konur í að sækja fram og sameina þær til aukins sýnileika og þátttöku. Verður það gert með FKA Suðurnesjum sem er ný landsbyggðardeild Félags kvenna í atvinnulífnum, FKA. Nýja deildin okkar mun leggja áherslu á nýsköpun og eflingu atvinnutækifæra kvenna á svæðinu með jákvæðni, seiglu og útsjónarsemi. Með því að efla þátt kvenna í samfélaginu, eflum við okkur öll. Okkur vantar bjartsýni, gleði og aukna ásýnd kvenna í samfélagið okkar. Konur ættu að vera áberandi í rekstri fyrirtækja, stjórnunarstöðum og í stjórnnum fyrirtækja. Það mun vera okkur öllum til heilla. Komdu með okkur í vegferð kvenna á Suðurnesjum 26. nóvember næstkomandi. ■

”
Okkur vantar bjartsýni, gleði og aukna ásýnd kvenna í samfélagið okkar.

Allt fyrir veisluna á einum stað

Skraut, borðbúnaður, búningar og tækjaleiga



PARTYBUDIN

FAXAFEN 11, 108 REYKJAVÍK, S: 534-0534

WWW.PARTYBUDIN.IS

Störukeppni ríkis og borgar bitnar á börnum og ungmennum í Laugardal



Björn M. Björgvinsson
meðstjórnandi
í stjórn Íþróttabandalags
Reykjavíkur

Tílefni skrifa minna er viðtal við Jón Arnór Stefánsson, fyrrverandi körfuknattleiksmann, sem birtist á Stöð 2/Visir.is en þar rifjar hann upp þegar hann sem ungur drengur búsettur í Laugardalnum þurfti að leita út úr hverfinu til að stunda sína eftirlætisíþrótt. Þegar Jón Arnór lítur yfir sviðið í dag, 30 árum síðar, sér hann óbreytta stöðu í hverfinu hvað varðar aðstöðu fyrir iðkun innibolta greina fyrir sín börn.

Í Laugardalnum eru glæsilegustu mannvirki landsins sem borgin hefur á liðnum árum byggt upp af myndarskap. Öll þessi mannvirki eru hugsuð frekar til notkunar fyrir alla landsmenn en íbúa Laugardals. Ég nefni Laugardalsvöllinn, Laugardalshöllina og sundlaugarnar í Laugardal. Í dalnum eru einnig sérgreinafélög sem sinna öllu höfuðborgarsvæðinu s.s. TBR en þar er leikið badminton og borðtennis, SR með sína skautahöll, fimleikahús Armanns, frjálsíþróttahöllin og loks íþróttahús fatlaðra við Hátún 14.

Þegar svæðið, sem afmarkast af



Börn og ungmenni í Laugardal eiga betra skilið.

Sæbraut frá Katrínartúni/Höfðatúni og austur að Elliðaám og Suðurlandsbraut vestur að Katrínartúni/Höfðatúni, er skoðað sést að það er ekkert íþróttahús á þessu svæði til að stunda hefðbundnar innibolta greinar s.s. körfubolta, handbolta eða blak sem íþróttafélag/félög hefur stjórn á til að skipuleggja og stjórna íþróttastarfi í hverfinu.

Frá því að ég flutti í hverfið 1984 og fór að fylgjast með hefur lítið breyst. Ég starfaði við skólamálið í dalnum í rúm þrjátíu ár og á þeim tíma var stöðugt bent á aðstöðuleysi skólanna, einkum Laugalækjarskóla. Vinnuhópar voru stofnaðir, íþróttafélög mynduð prýstihópa en ekkert hefur þokast áfram.

Í Fréttablaðinu fyrir skömmu birtist greinin „Það vantar hús“ eftir Viggó H. Viggósson, stjórnarmann í ÍBR. Í greininni kynnir hann hugmynd sem rædd hefur verið innan ÍBR í nokkurn tíma um uppbyggingu íþróttamannvirkis í Laugardalnum. Þessi hugmynd myndi í senn leysa fjölmörg vandamál s.s. aðstöðu fyrir landslið í innibolta greinum, vanda Ármanns/Þróttar og skólanna í hverfinu og um leið vanda fjölmargra annarra íþróttagreina. Ég bind vonir við að ríki, borg og sérsambönd ÍSÍ skoði þessa hugmynd enn frekar.

Ég hef setið í stjórn ÍBR í 10 ár. Á þessum árum hef ég bent á það aðstöðuleysi sem íþróttafélögin og skólarnir í Laugardal búa við. Þrátt fyrir góða umræðu og velvilja þá hefur ekkert gerst. Börn og ungmenni í Laugardal eiga betra skilið.

Á meðan ríki og borg eru í stærkeppni um þjóðarhöll gerist fátt. Þessi vonda staða bitnar ekki bara á körfu-, handbolta- og blakfólki, hún bitar miklu meira á börnum og ungmennum í Laugardalnum. Mér hefur fundist á liðnum árum íbúar dalsins hafa sýnt borgaryfirvöldum mikla þolinmæði og ekki myndað þann þrýsting sem þarf til að þoka málum áfram. Ég vona að Jón Arnór og hans góði hópur haldi áfram að benda á aðstöðuleysið og myndi þrýstihóp til að þoka þessu máli áfram – það eru kosningar í vor. ■

Bjórinn og íslenska krónan



Karl Guðlaugsson
tannlæknir og
MPM



Það voru sem sagt menn á Íslandi sem voru á móti því að Íslendingar mættu kaupa bjór. Eruð þið ekki hissa og kjafstopp að heyra þessa söguskýringu?

Þessi grein er ætluð þér, lesandi góður, sem ert á aldrinum átján til fjórutíu ára og er bæði söguskýring sem þú trúir kannski ekki, en jafnframt hugsun fyrir þig til framtíðar.

Snemma í byrjun síðustu aldar voru menn á Íslandi á móti símanum. Aðeins seinna á síðustu öld voru menn á Íslandi á móti áfengisneyslu og sölu áfengis. Á sjöunda áratug síðustu aldar voru menn á Íslandi á móti sjónvarpsútsendingum og enn síðar voru menn á Íslandi á móti því að sjónvarpsútsendingar yrðu sendar út í lit! En haldið ykkur nú fast, því næsta söguskýring er nær ykkur í tíma. Seinni part síðustu aldar, og þetta er alveg satt, máttu Íslendingar ekki kaupa bjór á Íslandi og enginn Íslendingur gat drukkið bjór nema fá hann með ákveðnum króka-leiðum. Það voru sem sagt menn á Íslandi sem voru á móti því að Íslendingar mættu kaupa bjór. Eruð þið ekki hissa og kjafstopp að heyra þessa söguskýringu?

Nú er ég ekkert sérstaklega að mæla með bjórdrykkju þótt mér

finnst kaldur bjór í flösku góður, en jafnaldrar ykkar í Skandinavíu og annars staðar í Evrópu vita nákvæmlega hvað bjórinn sem þau drekka næsta sumar og þar næsta sumar mun kosta í gjaldmiðli þeirra heimalands. Bjórinn mun kosta það sama og hann kostar í dag. Það eru menn á Íslandi sem eru enn á móti því að þið fáið að vita hvað bjórinn ykkar kostar í íslenskum krónum fyrir næstu jól! ■

SVARTUR FÖSTUDAGUR Í HEILA VIKU!

Spennandi tilboð í verslun Iðnvéla 22.-28. nóvember 2021



Skoðaðu öll tilboðin á
www.idnvelar.is

IÐN VÉLAR

Úðasmit og loftgæði



Jón
Hálfðanarson
eðlisfræðingur

Eftir athuganir í nokkrum löndum þykir staðfest að kórónaveiran dreifist í lofti sem úðasmit (aerosol) engu síður en dropasmit (droplets). Dropar eru þungir og berast sjaldan lengra en einn metra í lofti. Í úða eru agnirnar örsmáar og geta borist langar leiðir.

Í stöðnuðu lofti getur veiran verið á sveimi í allt að sólarhring. Fyrir utan grímur er góð loftræsing besta vörnin.

Ef herbergið er lítið nægir að opna glugga. Einfaldast og ódýrasta aðferðin við að mæla gæði loftræstingar í herbergi eða sal, sem fólk er í, er að mæla magn koltvísýrings í loftinu. Koltvísýringur, CO₂, kemur frá öndun okkar. Hann er úrgangsefni frá bruna í frumunum og skilst frá blóði í lungunum. Magn hans er lágt þar sem loftskipti eru ör.

Við eldgos losnar koltvísýringur úr bráðinni kviku þegar hún kólnar og þrýstingur á hana minnkar. Í kjölfar eldgossins í Geldingadal ætti að vera til mikið af CO₂-mælum í landinu.

Ættum við ekki að taka upp mælingar á koltvísýringi í skólum, tónlistarsölum og leikhúsum?

Það væri ekki eins og við værum að finna upp hjólið því á Spáni eru slíkar mælingar framkvæmdar í faraldrinum. Við leit á netinu fann ég nokkrar greinar um þetta. Mælar sem Spánverjar nota kosta á netinu um 150 evrur (22 þúsund krónur). Þeir sýna CO₂-gildi, og til viðbótar hitastig og rakastig.

Magn koltvísýrings eykst

Í lokuðu herbergi með fjölda manns er CO₂-gildið fljótt að stíga og hættan á úðasmiti eykst. CO₂ er auk þess eitru í sjálfu sér. Ef fólk er um langan tíma í andrúmslofti með vaxandi styrk af CO₂ má búast við því að syfja og þreyta sækir að einhverjum. Þá tala menn um loftleysi en í raun hefur súrefnismagnið í loftinu aðeins lækkað lítillega eða um það magn af koltvísýringi sem kom í staðinn fyrir súrefni við öndunina. Þess vegna er sennilegt að það sé koltvísýringurinn sem valdi áhrifunum.



Ættum við ekki að taka upp mælingar á koltvísýringi í skólum, tónlistarsölum og leikhúsum?

Fólk sem er lokað inni í loftþéttum klefa deyr fyrir úr koltvísýringseitrun en úr súrefnisskort. Koltvísýringur er þyngri en loft (44 á móti 29). Hann er lyktarlaus.

Rakastig of lágt

Að vetrarlagi er rakastig í húsum á Íslandi of lágt. Þurrft loft heftu á sýkingu í öndunarferum því slímhúðin þornar. Auk þess dreifist úðasmit lengra í þurru lofti en röku. Um þetta eru til rannsóknir og greinar. Rakatækjum sem kosta undir 30 þúsund krónum mætti koma fyrir í vinnuherbergjum og skólustofum.

Með því að auka gæði lofts í húskynnum þar sem fólk kemur saman má bæta líðan þess og heilsu og um leið minnka hættu á smiti. Það væri kostur ef þau sem nota stofur og minni sal gætu sjálf lesið á skjá hver gæðin eru og gripið inn í ef gildin fara út fyrir mörk. Í stærri sölum lægi ábyrgðin hjá húsvörðum en gildin þyrftu að vera sýnileg fyrir alla.

Komum loftskiptum og rakastigi í lag þar sem og þegar þau eru ekki viðunandi! ■

Að njóta sannmælis



Kjartan
Norðdahl
fyrirverandi
flugmaður og
lögmaður

Í öllu því flóði af texta um Covid-19, um: bólusetningar, sóttvarnir, takmarkað ferðafrelsi, hvernig baráttan gengur í útlöndum, afkomu fyrirtækja, stöðu ríkissjóðs o.s.frv. o.s.frv., megum við alls ekki gleyma þeim, sem lögðu grunninn að þeim baráttuáferðum, sem við nú beitum í glímu okkar við hinn skæða óvin – Covid 19 Corona veiruna.

Og sú veira er ekkert lamb við að eiga og áttu því einmitt vel við þau orð, sem einn af okkar fremstu vísindamönnum lét ummælt um hana í upphafi faraldursins – að hún væri “... hið mesta ólíkindatöl”.

Ein er sú baráttuáferð sem við nú notum, en það er handþvottur. Hamrad er á um gildi hans æ ofan í æ.

En hver var frumkvöðullinn að þessari hreinlætisaðferð, sem ein og sér getur skipt sköpum um líf og dauða og er nú notuð á öllum spítölum heims?


Það var hinn nokkuð þekkti, en að mínu viti allt of vanmetni, læknir og vísindamaður Ignaz Semmelweis. Gleymum ekki, gleymum aldrei, að honum að þakka björguðust ótal mannslíf um allan heim, en gleymum heldur ekki hvernig samtími hans fór með hann.

Ég ætla að henda hérna fram örstuttri lýsingu á örlögum þessa manns, sem konur kölluðu bjargvætt kvenna.

Semmelweis var læknir, fæddur 1818 í Ungverjalandi, og starfaði sem aðstoðarlæknir prófessors við fæðingardeild Almenna sjúkrahússins í Vínarborg en hún var sú stærsta í heimi á þessum tíma. Hann vildi komast að því hvers vegna svo margar konur dóu úr barnsfararsótt á spítalanum.

Með nákvæmri athugun og samanburði, já og innsæi, komst hann að þeirri niðurstöðu að um væri að ræða eitthvað, sem læknar og læknarar báru með sér á höndunum eftir að hafa krufið lík kvenna, er látist höfðu af barnsfararsótt, og farið síðan að skoða sængurkonurnar.

Hann fyrirskipaði að tekinn skyldi upp handþvottur úr klór-



Ignaz Semmelweis.



Að Semmelweis sé ekki metinn að verðleikum hér á landi má sjá af því að hvorki hefur bók verið skrifuð um hann á íslensku né heldur erlend bók um hann verið þýdd á íslensku.

upplausn og með þessu stórlækkaði dánartíðni þeirra kvenna sem voru í hans umsjá á spítalanum.

Uppgötvun Semmelweis var afar illa tekið af hans eigin stétt og endaði sú barátta með því að andlegt þrek þessa mikla mannvinar dvínaði og honum var komið fyrir á

geðveikrahæli þar sem hann svo lést eftir tvær vikur aðeins 47 ár gamall – vegna barsmíða! (Nuland). Fræðimenn eru ósammála um hvernig dauða hans bar að höndum og væri verðugt verkefni að komast að sannleikanum í því efni.

Að Semmelweis sé ekki metinn að verðleikum hér á landi má sjá af því að hvorki hefur bók verið skrifuð um hann á íslensku né heldur erlend bók um hann verið þýdd á íslensku. Það sem ég hef náð í á okkar máli er ágæt grein í Tímariti hjúkrunarfræðinga frá árinu 2008 og svo gott yfirlit á Vísindavefnum.

Orðatiltækið að njóta sannmælis er gamalt og gott íslenskt orðatiltæki, sem á einkar vel við að nota nú á dögum Covid, um Semmelweis lækni.

(Góðar bækur um Semmelweis: Childbed Fever, höf. K.Codell Carter og Barbara R. Carter, The Doctors Plague, höf. Sherwin B. Nuland, Genius Belabored, höf. Theodore G. Obenchain, ef einhver myndi nú þýða þó ekki væri nema eina af þessum bókum). ■

Fátækt er ógn við íslensk börn



Kolbrún
Baldursdóttir
oddviti Flokks
fólksins í borgarstjórn Reykjavíkur

Það er smánarblettur á okkar auðuga samfélagi hve margir búa hér við sára fátækt. Þeirra á meðal eru aldrei sem er nauðugur einn kostur að velja á milli þess hvort þeir kaupa sér mat eða lífsnauðsynleg lyf, einstæðir foreldrar sem verða að gera upp við sig hvort þeir hafa efni á því að greiða orkuveitinginn eða fara til tannlæknis og veikt fólk sem verður smám saman úrkula vonar í því fúafeni fátæktarinnar sem íslenska kerfið er. Fórnlömb fátæktar eru ekki síst börn sem vegna fjárskorts foreldra geta ekki stundað þær íþróttir sem þau langar að stunda eða sinna öðrum áhugamálum. Áætlað er að um eða yfir 10% íslenskra barna

búi á heimilum þar sem tekjur eru undir lágtekjumörkum.

Sláandi skýrsla Barnaheilla

Í nýlegri skýrslu Barnaheilla um fátækt meðal barna er dregin upp dökk mynd af vaxandi barnafátækt í Evrópu. Ísland er þar ekki undanskilið. Bent er á að auka þurfi hér jöfnuð innan menntakerfisins og tryggja börnum húsnæðisöryggi svo dæmi séu nefnd. Þá þurfi að móta opinbera áætlun um hvernig eigi að uppræta fátækt meðal barna hér á landi. Slík stefna er nefnilega ekki til þó að ótrúlegt megi virðast. Ógn fátæktarinnar leggst mismunandi á fjölskyldur en verst á börn einstæðra foreldra, börn foreldra sem eru á örorkubótum, börn með fötlun, börn innflytjenda og börn sem tilheyra fjölskyldum með erfiðar félagslegar og efnahagslegar aðstæður.

Öjöfnuður hefur aukist vegna atvinnuleysis foreldra í Covid og framtíðarhorfur eru óljósar. Ástandið hefur tekið toll af and-



legri heilsu margra barna. Tilkynningar um vanrækslu hafa aukist um 20%, ofbeldi um og yfir 23% sem og áhættuhegðun barna um 23%. Um 22% foreldra segjast ekki geta greitt skólamat fyrir börnin sín og um 19% segjast ekki geta greitt fyrir íþróttir eða tómstundir barna sinna. Húsnæðisaðstæður margra barna eru ótryggar. Húsaleiga er einn stærsti útgjaldaliður fjölskyldunnar eða um 70% af ráðstöfunartekjum. Þetta leiðir til þess að fátækir foreldrar leita skjóls í hús-

næði sem er óviðunandi og jafnvel hættulegt.

Aðgerðir strax

Flokkur fólksins vill að gripið verði tafarlaust til sértækra og markvissra aðgerða í þágu barna. Efla þarf félagslegan stuðning við börn og unglinga sem eru jafnarsett, félagslega útskúfuð. Til að ná þessu þarf að setja fram skýra stefnu í samræmi við ákvæði Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þar er m.a. kveðið á um hvernig uppræta



Húsaleiga er einn stærsti útgjaldaliður fjölskyldunnar eða um 70% af ráðstöfunartekjum. Þetta leiðir til þess að fátækir foreldrar leita skjóls í húsnæði sem er óviðunandi og jafnvel hættulegt.

eigi vítahring fátæktar, þannig að öll börn fái notið þjónustu til að rækta hæfileika sína. Þetta er stærsta verkefni borgarstjórnar og Alþingis. Öll börn eiga að fá notið stuðnings, hvatningar og þjónustu til að þroskast og njóta sín í lífinu og að fá sjálf tækifæri til að taka þátt í að leggja grunn að menntun sinni og farsæld sinni til framtíðar eins og kostur er. ■

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

MIÐVIKUDAGUR 24. nóvember 2021



Sléttur mánuður er í að kirkjuklukk-ur Dómkirkjunnar hringi inn jólin.

Mánuður í jól

thordisg@frettabladid.is

Í dag er 24. nóvember. Það þýðir aðeins eitt: að aðfangadagur jóla rennur upp eftir sléttan mánuð, þann 24. desember.

Þótt jólin séu alltaf jafn löng, eða þrettán dagar í íslenskum sið, eru jólin í ár stutt þegar kemur að frídögum á milli jóla og nýárs. Aðfangadagur er á föstudegi og heilagir jóladagar á eftir lenda á helgi. Þá verður gamlársdagur líka á föstudegi og nýársdagur á laugardegi, en auka frídagur gefst sunnudaginn 2. janúar, fyrir þá sem vinna ekki vaktavinnu. Næstu jól verða svo enn styttri, þegar áramót lenda á laugardegi og sunnudegi.

Í seinni tíð hefur stundum verið talað um atvinnurekendajól þegar aðfangadagur ber upp á föstudag, því fyrir þá sem vinna til hádegis á aðfangadag en eiga frí um helgar verða slík jól bara hálfur aukafri-dagur.

Brandajól þykja flestum best. Það eru jól sem falla þannig við sunnudaga að margir helgidagar verða í röð; upphaflega þegar jóladagur bar upp á mánudag. Árið 1770 var af tekið að hafa stórhátíðir þriheilagar, en fram að því fékk fólk frí á þriðja í jolum. Þá varð fjórheilagt ef sunnudagur bar upp á aðfangadag og kallað litlu brandajól, en stóru brandajól ef þriðja í jolum bar upp á sunnudag. ■

**Förum
varlega
með eld
um hátíðirnar**



Eldvarnafræðsla aldrei mikilvægari

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna kynnir eldvarnar heimilisins fyrir grunnskóla-börnum og fjölskyldum þeirra fyrir hver jól. Það er sérstaklega mikilvægt að hafa öryggisatriðin á hreinu um jólin, en ungt fólk mætti sinna eldvörnum betur. **2**



Jóhann K. Jóhannsson, slökkviliðsstjóri í Fjallabyggð, segir að öryggi fólks sé númer eitt, tvö og þrjú og það sé ýmislegt sem þurfi að huga að til að lágmarka hættu á eldsvoða yfir jólahátíðina. Markmiðið er alltaf að það verði ekkert að gera hjá slökkviliðinu á þessum tíma.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Skammdegið

þarf ekki að vera erfitt

- Orkublandan frá ICEHERBS hjálpar þér að vakna á dimmum vetrarmorgnum
- 2000 einingar af d-vítamíni og kröftug íslensk burnirót





Könnun Gallup sýndi að almennt eru heimili að efla eldvarnir en að ungt fólk sé ekki að standa sig nægilega vel á því sviði og eldvarnir séu almennt lakari á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Öll heimili eiga að hafa reykskynjara, eldvarnarteppi og slökkvitæki. FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

„Í síðustu viku var árlega eldvarna-átakið okkar sett í Grunnskólanum í Borgarnesi, en á þessum tíma ár hvert beinir Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna sjónum sínum til grunnskólanna í 3. bekk og kynnrir fyrir þeim grundvallaratriðin varðandi eldvarnir heimilisins,“ segir Jóhann K. Jóhannsson, slökkviliðsstjóri í Fjallabyggð. „Það hefur nefnilega komið í ljós að börn eru oft besti aðilinn til að minna foreldra á að fylgja leikreglum varðandi eldvarnir og von okkar er sú að þau hjálpi foreldrum sínum að tryggja öryggi heimilisins.“

Áratugalangt forvarnastarf

„Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna hefur staðið fyrir þessu átaki í 30 ár og það má ætla að á annað hundrað þúsund Íslendinga hafi fengið þessa fræðslu á þeim árum. Náms-efnið er sett upp sérstaklega fyrir börn, en þau fá að sjá teiknimynd um Loga og Glód og Brennu-Varg, þau fá handbók Eldvarnabandalagsins um eldvarnir heimilisins og það er kynnt fyrir þeim hvernig neyðarnúmerið 112 virkar,“ segir Jóhann. „Það er gott fyrir okkur sem erum í minni slökkviliðum á landsbyggðinni að hafa aðgang að forvarnaefni sem þessu í eldvarnaátaki okkar. Eldvarnaátakið nýtur stuðnings fjölmargra en helstu styrktaraðilar eru Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, 112, Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, TM og slökkviliðin í landinu.“

Svo stöndum við fyrir Eldvarnagetraun þar sem börnin geta sent inn svör og fengið verðlaun. Verðlaunaafhendingin fer fram 11. febrúar ár hvert, á 112-degin-

um,“ segir Jóhann. „Í sumar hittum við leikskólabörn og fengum til okkar svokallaða aðstoðarmenn slökkviliðsins. Við hittum leikskólakrakka reglulega, en það er margt sem þarf að kynna fyrir þeim til að draga úr ótta þeirra ef þau lenda í slæmum aðstæðum, til dæmis hvernig við lítum út í göllunum okkar, jafnvel með reyk-köfunargrímur og allar græjur.“

Ungt fólk sinnir eldvörnum illa

„Fræðslan um eldvarnir heimilisins hefur aldrei verið mikilvægari, við sjáum það á banaslysum sem hafa orðið í eldsvoðum á undanförunum árum á Íslandi og auk þess eiga fjölmargir um sárt að binda vegna eldsvoða þar sem ekki varð banaslys. Það getur verið mikið áfall að lenda í bæði heilsu- og eignatjóni vegna eldsvoða,“ segir Jóhann. „Það er því mjög mikils virði fyrir bæði fyrir sveitarfélög, slökkviliðið og samfélagið í heild að koma í veg fyrir eldsvoða og að fólk kunni að bregðast við ef hann verður.“

Könnun sem Gallup gerði fyrir Eldvarnabandalagið sýndi að almennt eru heimili að efla eldvarnir, sem sýnir og sannfærir okkur um gildi þess að halda uppi reglulegri fræðslu til mismunandi hópa. Það eru sífellt fleiri heimili sem hafa allan nauðsynlegan búnað,“ segir Jóhann. „Fólk á aldrinum 25-34 ára er samt ekki að standa sig nægilega vel í eldvörnum á sínum heimilum og það er hópur sem við höfum áhyggjur af. Við sáum líka að eldvarnir eru almennt lakari í Reykjavík en í nágrennasveitarfélögum og mun lakari en á heimilum utan höfuðborgarsvæðisins.“

Við reynum að ná til allra með

fræðslunni okkar og vonumst líka til að vekja fólk til umhugsunar í gegnum eldvarnaeftirlit í fyrirtækjum. Þá fer oft umræða af stað sem smitar út frá sér og hvetur fólk til að taka sig á í eldvörnum,“ segir Jóhann. „Atvinnurekendur þurfa líka að huga vandlega að eldvörnum, tryggja að allur nauðsynlegur öryggisbúnaður sé til staðar og að brunavarnakerfið sé í lagi og tengt við stjórnsíð, svo það fái einhverju tilfelli ef kerfið fer í gang á næturnar.“

Reykskynjarar og réttur undirbúningur

„Það er margt sem þarf að hafa í huga þegar kemur að eldvörnum. Núorðið leggjum við áherslu á að það þurfi að vera reykskynjarar í hverju rými því tæknin hefur breyst svo mikið á undanförunum árum að það er ekki lengur bara í eldhúsinu sem eldhætta getur skapast,“ segir Jóhann. „Núna eru sjónvörp í svefnherbergjum, hlaupahjól í hleðslu í geymslum og símarnir geta skapað hættu ef þeir eru ekki hlaðnir rétt, til dæmis ef þeir lenda undir koddum á meðan þeir eru í hleðslu. Þetta er eitt af því sem við förum yfir með börnunum, því þau eru farin að nota þessi tæki mikið.“

Það er mikilvægt að fara vel yfir rafhlöður í reykskynjurum og prófa þá reglulega. Það er líka gott ráð að setja alltaf rafhlöður ofan í kassann þegar fólk pakkar jólaskrauti,“ segir Jóhann. „Þá man maður frekar eftir því að skipta um rafhlöður í reykskynjurum árið eftir, en það þarf að skipta einu sinni á ári. Svo eiga að vera slökkvitæki við alla útganga og eldvarnarteppi eiga að vera sýnileg í eldhúsum.“

” Það þarf að ræða og jafnvel æfa inni á heimilum hvernig á að bregðast við ef vaknað er við reykskynjara. Það er mikilvægt að fjölskyldan fari yfir þetta til að takmarka hættuna eins mikið og hægt er.

Jóhann K. Jóhannsson

Það þarf að ræða og jafnvel æfa inni á heimilum hvernig á að bregðast við ef vaknað er við reykskynjara. Það er mikilvægt að fjölskyldan fari yfir þetta til að takmarka hættuna eins mikið og hægt er, ekki síst þar sem hún eykst í desember,“ segir Jóhann. „Það er líka gott að ræða það innan fjölskyldunnar hvernig á að nota neyðarnúmerið, 112.“

Tryggjum öryggi jólaskreytinga

„Það er margt sem getur skapað eldhættu um jólin. Þegar jólaskrautið er tekið fram er mikilvægt að yfirfara þær og skoða kertaskreytingar og ganga úr skugga um að þær geti ekki skapað hættu. Það þarf að tryggja að ekkert fari nálægt loganum og það þarf líka að passa að hann fari ekki nálægt gáðinu,“ segir Jóhann. „Það sama á við um útiseriuna, það þarf að tryggja að það verði ekki skammhlaup þó að hún sé tengd

við rafmagn utandyra í öllum veðrum. Atvinnurekendur þurfa líka að huga að þessum þáttum á vinnustöðum þar sem skraut er sett upp.“

Jólatréð er líka ofboðslegur eldsmatur og því þurrara sem það er, því hættulegra. Það er ágætis myndband á Youtube-síðu Brunavarna Árnassýslu þar sem við settum upp íbúð í gámi, kveiktum eld og svo mældum við hitastigið og tókum tímann á því hversu lengi eldurinn var að berast í jólatréð þannig að það fudraði upp. Það voru bara örfáar mínútur,“ segir Jóhann. „Það þarf að vökva jólatré til að þau haldi raka, því annars verða þau fljótt alelda ef það kemst eldur í þau. Það þarf líka að passa mjög vel upp á að það komist enginn eldur nálægt gervijólatrjá, því þau fudra jafn hratt upp.“

Verum örugg um jólin

„Umfram allt viljum við bara hvetja fólk til að fara varlega yfir jólahátíðina. Fara varlega með kerti og opinn eld og hlaða öll tæki, hvort sem það eru snjalltæki eða rafhlaupahjól, í öruggu umhverfi,“ segir Jóhann. „Eldamennska er líka algeng orsök eldsvoða sem valda oft mjög miklu tjóni og því er mikilvægt að hafa öll öryggisatriði á hreinu og tala við fjölskylduna um hvernig á að bregðast við ef eldur kemur upp.“

Öryggi fólks er alltaf númer eitt, tvö og þrjú og við vonumst alltaf til þess að það verði ekkert að gera hjá okkur á þessum tíma,“ segir Jóhann. „Til að auka líkurnar á því er mikilvægt að nýta tímann núna fram að jólum til að kynna eldvarnir og minna fólk á að tryggja eldvarnir á sínu heimili.“ ■

30% af

Yfirhöfnum
Non-denim buxum
Sokkum
Nærbuxum

GEFÐU

Levi's

Í JÓLAGJÖF[®]



Tilboð gildir til föstudagsins 26.11.21

Levi's Hafnartorg - Levi's Kringlan - Levi's Smáralind

Liðverkir ekki lengur vandamál

Jóhanna Laufdal Friðriksdóttir byrjaði að taka inn Protis® kollagen fyrir um ári síðan eftir að hafa lesið sér til um góð áhrif þess á líkamann, liði, hár, neglur, húð og fleira.

Kollagen hefur margvísleg áhrif á líkamsstarfsemi. Kollagen er eins og lím í líkamanum sem hefur áhrif á liði, hrukkmyndun, hárið og margt fleira. Þegar við eldumst byrjar líkaminn að framleiða sífellt minna magn af þessu mikilvæga efni. Þá er ekki úr vegi að taka kollagenið inn sem bætiefni.

„Undanfarið hef ég verið að kynna mér hvað kollagen getur gert fyrir líkamann. Það vakti sérstaklega áhuga minn þegar ég las um áhrif þess á liðina. Ég er 43 ára gömul og byrjaði að finna fyrst fyrir liðverkjum um 35 ára aldurinn. Aðallega hef ég fundið fyrir liðverkjum í tàm og fingrum. Þetta er ættgengt í fjölskyldunni minni. Langamma mín var svona, amma líka og mamma og líka systur mömmu. Þetta kemur þá helst fram í fingrum og tàm. Stundum eru þær svo slæmar að þær festast í liðunum,“ segir Jóhanna.

Hætt að finna fyrir þirringi í liðum

„Þegar maður er kominn á ákveðinn aldur er gott huga það því hvað maður getur gert til að njóta lífsins lengur. Hvort sem það er að styrkja liðina, bæta ónæmiskerfið eða hægja á öldrun eins og til dæmis hrukkmyndun. Ég byrjaði að taka inn kollagen frá Protis fyrir ári síðan til að fyrirbyggja frekari liðvandamál. Ég var farin að finna fyrir miklum þirringi í tánum sérstaklega.

Ég veit ekki hversu lengi ég



Jóhanna Laufdal kynntist mætti kollagens fyrir um ári og hefur það hjálpað henni mjög í baráttunni við liðverki í höndum og tàm.

FRÉTTABLAÐIÐ/
EYÞÓR

hafði tekið kollagenið inn en á ákveðnum tímamarki fann ég að ég var orðin miklu betri af liðverkjunum, sem versna allajafna þegar það tekur að kólna. Þrátt fyrir að veturinn sé hafinn þá finn ég ekki lengur fyrir þessum ofsapirringi í tánum og ég er orðin mun betri í liðunum í fingrum.“

Húðin ljómar

„Annað sem ég hef tekið eftir er að hár og neglur vaxa ótrúlega hratt á mér. Húðin hefur líka verið einstaklega góð og fín. Það er eins og hún ljómi. Ég myndi ekki segja að bólur hafi verið veigamikil vandamál hjá mér, en ég hef varla fengið eina einustu bólu síðan ég byrjaði að taka inn kollagen frá Protis.

Ég hef prófað að taka kollagenið inn í duftformi en það hentar mér ekki þar sem mér finnst bragðið ekki gott. Margir blanda því út í kaffi, en sjálf drekk ég ekki kaffi. Það hentar mér mjög vel að kolla-

genið frá Protis fæst í töfluformi. Ég get bara gleypst töfluna og þarf ekki að finna neitt bragð. Ég er líka rosalega léleg í að muna eftir að taka inn bætiefni því ég borða ekki morgunmat. Til að sporna við að ég gleymi að taka inn kollagenið, þá hef ég dolluna á skrifborðinu mínu í vinnunni. Þá man ég eftir að taka það inn að minnsta kosti á virkum dögum. Svo á ég aukaskammt heima fyrir helgarnar.“

Íslensk framleiðsla

„Það skiptir mig máli að vita hvaðan bætiefnið koma sem ég bæti inn í mitt mataræði. Kollagenið frá Protis er unnið úr íslenskum hráefnum og inniheldur kollagen úr íslensku fiskiroði. Mér finnst gott að vita til þess að framleiðslan fari fram hér heima enda treysti ég íslenskri framleiðslu og vil styrkja hana eftir fremsta megni,“ segir Jóhanna að lokum.

Um Protis® Kollagen

Kollagen er náttúrulegt prótín og eitt helsta byggingarefni líkamans. Gott að vita um Protis® Kollagen:

- Ekkert gelatín eða sykur
- Meira magn virkra efna en hjá flestum samkeppnisaðilum
- Engin aukaefti
- Sýnilegur árangur á 30 dögum
- Íslenskt hugvit og framleiðsla

Protis® Kollagen er framleitt úr íslensku fiskroði hjá líftæknifyrirtækinu PROTIS. Varan er einstök blanda af bestu innihaldsefnum sem öll styðja við styrkingu á húð, hári og nöglum. Kollagen úr fiski er áhrifaríkara en kollagen úr landdýrum þar sem upptaka úr meltingarvegi er betri. Helstu innihaldsefni:

- SeaCol® er blanda af vatnsrofnu kollageni úr íslensku fiskroði og vatnsrofnu þorskpróteni úr ís-



- lenskum þorski. SeaCol® tekur þátt í að styrkja vefi líkamans og viðhalda teygjanleika.
- C-vítamín tekur þátt í myndun kollagens í líkamanum.
- Hyaluroníc-sýra er eitt mest rakagefandi efni náttúrunnar og viðheldur meðal annars raka húðarinnar.
- Kóensím Q10 er að finna í nær öllum frumum líkamans. Það er mikilvægt fyrir endurnýjun fruma eins og húðfruma.
- B2- og B3-vítamín, sink, kopar og bíótín fyrir hárvöxt, endurnýjun húðar og vöxt nagla. ■

Protis® Kollagen fæst í næsta apóteki, heilsuvöruverslun og stórvöruverslun.

Andleg heilsa skiptir miklu í krefjandi námi

Í krefjandi námi skiptir miklu máli að hlúa vel að andlegri heilsu sinni. Háskólinn í Reykjavík hefur á undanförunum árum meðal annars boðið upp á sálfræðipjónustu, gagnleg námskeið, geðheilbrigðisviku og slökunar- og hugleiðslurými.

starri@frettabladid.is

Náms- og starfsráðgjöf og Sálfræðipjónusta Háskólans í Reykjavík (HR) gaf í lok október út rafræna bæklinga sem eiga að hjálpa nemendum skólans, og öðrum áhugasömum utan hans, til að takast á við áskoranir og viðhalda góðri andlegri líðan. Í háskólanámi skiptir miklu máli að hlúa vel að andlegu hliðinni, ekki síst þegar tekist er á við krefjandi nám samhliða hverju því sem lífið býður upp á hverju sinni, segir Eva Rós Gunnarsdóttir, sálfræðingur hjá Sálfræðipjónustu HR. „HR hefur alltaf verið umhugað um andlega líðan nemenda og hafa náms- og starfsráðgjafar starfað við skólann frá upphafi og boðið upp á viðtæka pjónustu, meðal annars stuðning vegna andlegra þátta.“

Hún segir nemendur hafa nýtt pjónustuna vel en hafa á sama tíma verið duglega að kalla eftir sálfræðipjónustu. „Það varð meðal annars til þess að haustið 2018 var fyrsta skrefið tekið í að bjóða nemendum upp á gjaldfrjálsa sálfræðipjónustu í formi námskeiða. Haustið 2020 var svo enn stærra skref tekið en þá kem ég inn í fulla stöðu sálfræðings við skólann sem gerði okkur kleift að



bjóða nemendum upp á enn fjölbreyttari pjónustu.“

Fjölbreytt pjónusta í boði

Þar sem vandi nemenda er ansi fjölbreyttur hefur skólinn lagt áherslu á að bjóða upp á fjölbreytta pjónustu segir Eva. „Á undanförunum árum höfum við meðal annars boðið upp á stuðningshópa fyrir nemendur með ADHD, stutt námskeið vegna prófkvíða og annað lengra námskeið vegna þunglyndis og kvíða. Á þessari önn bjóðum við svo í fyrsta sinn upp á námskeið sem snýr að auknu sjálföruggi í námi.“

Skólinn hefur einnig haldið fjöl-

breytta viðburði sem hafa þann tilgang að vekja athygli á mikilvægi geðheilbrigðis og kynna árangursríkar leiðir til að auka vellíðan.

„Þar má fyrst nefna geðheilbrigðisvikuna Mót hækandi sól sem hefur verið haldin árlega síðastliðin fimm ár við góðar undirtektir. Núna í október stóð HR svo fyrir andlegum heilsudegi undir yfirskriftinni Láttu þér líða vel, þar sem búinn var til vettvangur fyrir ýmis samtök, félög og fyrirtæki til að kynna hvers konar úrræði sem þau bjóða upp á. Í upphafi síðasta skólaárs héldum við einnig svokallaða Fræðsluviku þar sem við streymdum örfyrirlesturum dag-

lega og kynntum aðferðir sem eru til þess fallnar að auka velgengi og vellíðan í námi.“

Málefni sem skipta máli

Hún segir skólann einnig reyna að bjóða upp á reglulega fyrirlestur og láta þá taka á þeim málefnum sem skipta máli hverju sinni. „Í því samhengi má nefna fyrirlestur sem snéri að námi og líðan í heimsfaraldri og svo höfum við einnig nýlökun fyrirlestur aðdraganda prófa sem hafði þann tilgang að hvetja nemendur til að hlúa að andlegu hliðinni á þeim krefjandi tímum sem prófatíð er. Samhliða fyrirlesturadönni gáfum

Eva Rós Gunnarsdóttir, sálfræðingur hjá Sálfræðipjónustu Háskólans í Reykjavík.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

við út fjóra ólíka fræðslubæklinga þar sem tekin voru saman atriði sem eru þekkt fyrir að hafa jákvæð áhrif á líðan. Að lokum verð ég svo að nefna sérstakt slökunar- og hugleiðslurými HR sem veitir nemendum og starfsfólki rými til að slaka á og róa hugann í amstri dagsins. Slíkt er nauðsynlegt í því krefjandi umhverfi sem við erum í.“

Mikil ásókn í úrræði

Eva segir að nemendur séu almennt mjög ánægðir með þá pjónustu sem skólinn bjóði upp á. „Það sést fyrst og fremst á því hversu mikil ásókn er í þau úrræði sem eru í boði. Eins og staðan er nú eigum við í raun í fullu fangi með að sinna eftirspurn en það hlýtur að segja ýmislegt.“

Eva segir þau stöðugt vera að reyna að bæta pjónustuna með líðan nemenda að leiðarljósi. „Við erum með ýmsar hugmyndir að námskeiðum og öðru á teikniborðinu sem verða vonandi að veruleika sem fyrst. Eins og staðan er nú leggjum við mikla áherslu á að ná til sem flestra og teljum við tæknina spila stórt hlutverk þar. Við höfum verið að auka fjarpjónustu og bjóðum nemendum sem eiga ekki heimangengt að koma í fjarviðtöl og einnig höfum við boðið upp á fjarnámskeið og streymt fyrirlesturum. Slík pjónusta mun vonandi bara aukast á komandi misserum. Einnig höfum við unnið að því að auka aðgengi að hagnýtu efni og má finna bæklingana okkar og upptökur af fyrirlesturum á ytri vef skólans. Þá geta nemendur, sem og almenníngur, nálgast efnið hvar og hvenær sem er.“ ■

Bílar & Farartæki

AÐALKAUP



GLÆNÝR BÍLL - ÓTRÚLEGT VERÐ!!!

NISSAN LEAF TEKNA 40kwh. Glænýr árgærd 2021, 100% rafmagn, Sjálfskiptur. TEKNA útfærsla með leðri, propilot, leiðsögukerfi o.fl. o.fl. Bíll í ábyrgð. VERÐ ADEINS kr.4.177.000- Rnr.120602. Til afhendingar strax hjá Aðalkaup bílasölu - Skeifunni 3c.



GLÆNÝR BÍLL - ÓTRÚLEGT VERÐ!!!

NISSAN LEAF TEKNA 40kwh. Glænýr árgærd 2021, 100% rafmagn, sjálfskiptur. TEKNA útfærsla með leðri, propilot, leiðsögukerfi o.fl. o.fl. Bíll í ábyrgð. VERÐ ADEINS kr.4.177.000- Rnr.120602. Til afhendingar strax hjá Aðalkaup bílasölu - Skeifunni 3c.

Aðalkaup - Bílasala
Skeifan 3C, 108 Reykjavík
Sími: 888 3715
adalkaup@adalkaup.is
http://adalkaup.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Málara

REGNBOGALITIR EHF

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggtur málaraeistari. Löggtur málara. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitur.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikæls. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

Nympha-dora

Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskripti, myndisímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggtur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúð, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500



Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Auglýsing um skipulag

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti þann 11. nóvember 2021 neðangreindar skipulagstillögur til auglýsingar.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar auglýsir hér með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Íbúðarsvæði við Mávaklett, Í9 í Borgarnesi

Breytingin felst í að íbúðarsvæði Í9 í Borgarnesi er stækkað sem nemur einni lóð við Mávaklett 10. Um er að ræða að breyta landnotkun óbyggðs svæðis í íbúðarsvæði. Núverandi stærð íbúðarsvæðis er 7,8 ha en verður eftir breytingu 7,9 ha.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar auglýsir hér með tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. 1. mgr. 43. gr. sömu laga.

Ásahverfi í landi Stóra-Áss í Borgarbyggð

Breytingin tekur til greinargerðar deiliskipulagsins þar sem heimildum er breytt. Breytingin er gerð á hámarksstæð frístundahúsa, leyfilegri vegghæð, heimilum byggingarefnum og þakhalla. Engin breyting er gerð á uppdrætti deiliskipulagsins.

Tillögurnar verða aðgengilegar í þjónustuveri Borgarbyggðar að Bjarnarbraut 8 frá og með 24. nóvember til og með 6. janúar 2022 og eru einnig aðgengilegar á heimasíðu Borgarbyggðar, www.borgarbyggd.is- neðst á forsiðu undir eftirfarandi: Skipulags- og byggingarmál -> Skipulagsauglýsingar.

Hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillögurnar og er frestur til að skila inn athugasemdum frá 24. nóvember 2021 til og með 6. janúar 2022. Athugasemdum skal skila skriflega í þjónustuver Borgarbyggðar, Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi b.t. skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@borgarbyggd.is og/ eða thjonustuver@borgarbyggd.is

Vakin er athygli á að athugasemdir teljast til opinberra gagna og nöfn þeirra sem senda athugasemdir koma fram í fundargerðum sem birtar eru á heimasíðu Borgarbyggðar.

Borgarbyggð, 24. nóvember 2021

Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar




BORGARBYGGÐ

www.borgarbyggd.is

Allt fyrir veitingahús- atvinnueldhús og kaffihús



Kælar & frystar



Húsgögn



Ofnar

MINNUM Á 20% AFSLÁTT Á ÖLLUM VÖRUM Í NETVERSLUN



Uppvottavélar




Stál vinnuborð



Kæliborð



Handvagnar



Gastro



Stólar

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

geiri
www.geirihf.is

STÓRELDHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

www.verslun.is

Sýningareldhús - Draghálsi 4 - 110 Reykjavík - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is



Erum við að leita að þér?

Tækik 5734 #

BLACK FRIDAY

20%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM ALLA VIKUNA*



DORMA

Láttu drauminn rætast

* Gildir ekki ofan á önnur tilboð, t.d. ef vara er fyrir á jólaverði eða -tilboði né sérpöntunum.

Holtagörðum, Reykjavík | Smáratorgi, Kópavogi | Dalsbraut 1, Akureyri | Skeiði 1, Ísafirði



Dagnýju vantar fimm leiki til að brjóta hundrað leikja múrinn með íslenska kvennalandsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Allt önnur staða í vetur

Staðan hjá West Ham, liði Dagnýjar Brynjarsdóttur, hefur breyst mikið frá því að hún mætti til liðsins. Eftir að hafa bjargað sér frá falli í vor er liðið núna í baráttunni um sæti sem veitir rétt til þess að spila í Meistaradeildinni.

hjoarvar@frettabladid.is

FÓTBOLTI Dagný Brynjarsdóttir, landsliðskona í fótbolta, skoraði sigurmark West Ham United þegar liðið lagði Tottenham Hotspur að velli með einu marki gegn engu í ensku úrvalsdeildinni um síðustu helgi. Dagný var svo valin í lið vikunnar fyrir frammistöðu sína í leiknum.

Dagný gekk til liðs við West Ham United í lok janúar síðastliðins en þá var liðið í slæmri stöðu í fallbaráttu ensku úrvalsdeildarinnar en tókst hins vegar að bjarga sér frá falli.

Sigur Hamranna gegn Tottenham Hotspur þýðir að liðið er með tólf stig eftir átta umferðir og er þremur stigum frá sæti sem veitir þátttökurétt í Meistaradeild Evrópu á næstu leiktíð. Einungis fimm stig skilja raunar að liðin sem sitja í þriðja til tíunda sæti deildarinnar.

Landslagið allt annað núna

„Ég vissi það þegar ég kom til West Ham United að planið var að styrkja liðið umtalsvert og það var gert í sumar. Við vorum með fjóra til fimm landsliðsmenn í leikmannahópnum í fyrra en núna er stór hluti hópsins landsliðskonur,“ segir Dagný sem var að skora sitt annað mark í deildinni á yfirstandandi



Við vorum með fjóra til fimm landsliðsmenn í leikmannahópnum í fyrra en núna er stór hluti hópsins landsliðskonur.

Dagný Brynjarsdóttir

leiktíð í sigrinum gegn Tottenham Hotspur.

„Það fóru frá okkur rúmlega tíu leikmenn eftir síðustu leiktíð og við fengum svipaðan fjölda inn í hópinn í staðinn. Svo vorum við með leikmenn á Ólympíuleikunum þannig að í upphafi tímabilsins var ég að spila með leikmönnum sem ég þekkti lítið sem ekkert.

Við höfum hins vegar náð að stilla saman strengi okkar fljótt og vel og erum í finni stöðu í deildinni. Það eru hins vegar þrír leikir sem sitja í okkur en í þeim leikjum þar sem við höfum gert jafntefli þá höfum við tvisvar fengið á okkur jöfnunarmark í uppbótartíma.

Þá gerðum við jafntefli á móti Birmingham sem náði þar í sitt eina stig til þessa í deildinni þar sem þær skorudu aulamark úr eina færinu sem þeir fengu.

Við hefðum viljað vera með fleiri stig en það er gott að vera í kringum sæti sem gefur sæti í Meistaradeildinni og finnast sem liðið eigi aðeins meira inni,“ segir hún.

Nálægt sínu besta formi

Þegar Dagný kom til West Ham United hafði hún verið að glíma við meiðsli í fimm mánuði.

„Það var krefjandi að koma inn í svona sterka deild eftir að hafa verið lengi frá vegna meiðsla. Svo átti ég minn besta leik skömmu eftir að ég kom og þá fékk ég Covid.

Það tók langan tíma að vinna upp þrek eftir veikindin og ég byrjaði að spila of snemma. Ég náði hins vegar að harka mér í gegnum það og við sluppum við fall.

Undirbúningstímabilið var svo gott hjá mér og við æfðum mjög vel. Ég er meiðslalaus núna og komin nálægt mínu besta líkamlega formi.

Þá er stemmingin í liðinu mjög góð og samkeppnin í liðinu mikil þannig að ég þarf að vera á tánum og standa mig vel til þess að halda sæti mínu í byrjunarliðinu.

Þannig vil ég hafa það og í þess háttar umhverfi fila ég mig best,“ segir landsliðskonan sem hefur spilað sjö af átta deildarleikjum West Ham United en í sex þeirra hefur hún verið í byrjunarliðinu. Miðvallarleikmaðurinn missti af fyrsta deildarleik tímabilsins vegna höfuðhöggs.

Dagný er á leið í verkefni með íslenska landsliðinu. Íslenska liðið mætir Japan í vináttulandsleik í Hollandi á morgun og svo Kýpur ytra í undankeppni HM 2023 á þriðjudaginn í næstu viku. ■

Utan vallar

Kosningabaráttan hafin í Laugardal

hodd@frettabladid.is

Ársþing KSÍ er í febrúar og er víða pottur brotinn enda hefur Knattspyrnusambandið þurft að eiga við mörg erfið mál undanfarið en ekkert af þeim tengist því sem gerist innan vallar.

Á ársþingi sambandsins í febrúar verður kosið um formann og stjórn. Vanda Sigurgeirsdóttir, sem kosin var til bráðabirgða, setur stefnuna á endurkjör og mátti heyrja á henni í útvarpsþætti Fótbolta.net á laugardag að hún væri að undirbúa kosn-

ingabaráttuna. Ætlar Vanda að fara að ferðast um landið á næstu vikum og ræða við félögin.

Af samtali mínu við fólk í hreyfingunni er ljóst að Vanda fær mótframboð. Á bak við tjöldin eru aðilar sem skoða nú hvort þeir eigi möguleika á því að ná kjöri. Vanda er auðvitað nýlega tekin við en hún hefur notið vinsælda hjá mörgum og ljóst að baráttan um stólinn verður áhugaverð í febrúar.

Fyrir fjórum árum steig Björn Einarsson fram með þá hugmynd að formaður KSÍ yrði ekki í fullu

starfi. Björn bauð sig fram gegn Guðna Bergssyni en náði ekki kjöri. Hugmyndin er þó enn góð og gild og ljóst að hún gæti fengið hljómgrunn í febrúar.

Hugmynd Björns var á þá leið að formaður myndi stjórna sambandinu í gegnum stjórnarfundu einu sinni í viku en framkvæmdastjóri myndi sjá um reksturinn og yfirmaður knattspyrnumála sæi um hlutina sem gerast innan vallar. Það þarf að horfa til framtíðar og þetta gæti verið ein leið til þess að fara nýja leið á skrifstofu KSÍ. ■

HVER VANN?

Sportið á frettabladid.is færir þér allar nýjust fréttirnar úr heimi íþróttanna.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



BLACK FRIDAY

20%

AF ÖLLUM VÖRUM*

OG **EXTRA** TILBOÐ MEÐ ALLT AÐ **50% AFSLÆTTI ALLA VIKUNA**

SMÁVÖRUPANTANIR YFIR
9.900 KR ERU SENDAR
FRÍTT TÍMABUNDIÐ Í DROPP
EÐA PÓSTBOX OG
PAKKAPORT PÓSTSINS**

* Gildir ekki ofan á önnur tilboð, t.d. ef vara er fyrir á jólaverði eða -tilboði og hvorki af Skovby, littala, Bitz né sérpöntunum
**Fast verð á smávörusendingum úr netverslun: 500 kr með Dropp 950 kr með Póstinum í póstbox eða pakkaport

Reykjavík 11 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 11 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

 HÚSGAGNA
HÖLLIN



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Edda Jóhannsdóttir

lést á Hrafnistu, Reykjavík, 5. nóvember. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Starfsfólki Hrafnistu eru færðar þakkir fyrir hlýju og góða umönnun.

Sigríður Inga Brandsdóttir
Jóhann Brandsson

Bergur Oliverson
Guðrún Eyjólfsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

Sturla Þórðarson

lögfræðingur,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni, sunnudaginn 14. nóvember.

Útför hans fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 26. nóvember kl. 13.00.

Í ljósi aðstæðna þurfa kirkjugestir að sýna fram á neikvætt Covid-hraðpróf við inngöngu, ekki eldra en 48 klukkustunda gamalt.

Ásta Garðarsdóttir

Kjartan Sturluson
Halldór Sturluson
Gylfi Maron, Valgerður Grima, Kára, Freyja og Hringur

Kristín Gunnarsdóttir

Heba Eir Jónasdóttir Kjeld

Karpað um tungumál þegnríkja og herrabjóða

Kristjana Vigdís Ingvadóttir sagnfræðingur gerir grein fyrir 18. aldar hugmyndum um að leggja niður íslenskuna í nýrri bók sinni.

arnartomas@frettabladid.is

Þann 28. ágúst 1771 skrifaði Bjarni Jónsson, rektor Skálholtsskóla, bréf til danskra yfirvalda þar sem hann lagði til að íslenskan sem tungumál yrði lögð niður. Þar hann meðal annars fyrir sig að íslenskan væri orðin gagnslaus og skaðleg mynd þjóðarinnar.

„Hugmyndin kemur ekki beinlínis frá Bjarna sjálfum, heldur var það hluti af alþjóðlegu upplýsingarstefnunni að allir þegnar innan hvers ríkis ættu að tala sama mál og herrabjóðin,“ segir Kristjana Vigdís Ingvadóttir, sagnfræðingur og skjalavörður, sem gerir grein fyrir stöðu íslenskunnar gegnum tíðina og erlendum áhrifum á hana í nýrri bók sinni, Þrautseigja og mikilvægi íslenskrar tungu.

Hugmyndir rektors og annarra um niðurlagningu íslenskunnar urðu þó aldrei að veruleika.

„Þetta virðast bara hafa verið nokkrir menn og dönsk stjórnvöld gáfu þessu aldrei mikinn gaum,“ segir Kristjana. „Þau lögðu aldrei áherslu á að kenna almenningi á Íslandi dönsku heldur var frekar lögð áhersla á að við fengjum að nota íslensku. Hugmyndin náði því aldrei flugi.“

Tungumálin glíma

Bókin byggir á BA-ritgerð Kristjönu sem segir að auðvelt sé að rýna í tíðarandann með því að sjá hvernig og hvaða tungumáli var beitt hverju sinni.

„Þegar við tölum um þessar gömlu



Kristjana segir að margar hliðstæður sé að finna í umræðunni um stöðu íslenskunnar þá og nú.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

heimildir frá 18. og 19. öld kom mér eiginlega á óvart hvað mikið af þeim var á íslensku,“ segir hún. „Bréf sýslumanna, presta og almenningss til amtmanna voru að langmestu leyti á íslensku á 18. öld svo það er ljóst að íslenskan var mikið notuð innan stjórnsýslunnar líka þá.“

Í upphafi 19. aldar var hins vegar miklu meira um dönsku en fyrir miðja öld var íslenskan orðin yfirstærari.

„Þá er eins og það verði aftur alger viðsnúningur, nær allt var aftur skrifað á íslensku,“ segir Kristjana. „Þá var orðið viðurkennt að við myndum nota íslensku hér innanlands. Sigur íslenskunnar var í höfn. Sú mikla gagnrýni sem var uppi um dönskunotkun á 19. öld virðist

því hafa skilað sér í þessum „sigri.“

Þá segir Kristjana að einnig hafi komið sér mikið á óvart hve mikla virðingu Danir og dönsk stjórnvöld virðast hafa borið fyrir íslensku og að það sé að mörgu leyti þeim að þakka líka að íslenskan lifði áfram. Hún segir líka að margar hliðstæður sé að finna í umræðunni um stöðu íslenskunnar þá og nú.

„Þegar ég var að lesa um hugmyndir fólks um áhrif dönskunnar og dönskusletta þá var margt sem minnti mig á umræðuna í dag um ensku,“ segir hún. „Vandinn sem steðjar að íslensku í dag er að miklu leyti sá sami og þegar Bjarni Jónsson skrifaði bréfið sitt nema að í dag er það enska en ekki danska.“ ■



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Einar Pálmar Eliasson

húsasmiðameistari og iðnrekandi,

verður jarðsunginn frá Selfosskirkju föstudaginn 26. nóvember kl. 14.00.

Sýna þarf fram á neikvætt hraðpróf við komu í kirkju samkvæmt sóttvarnalögum.

Streymt verður frá athöfninni á slóðinni:

<https://promynd.is/einarel> og www.selfosskirkja.is

Bergsteinn Einarsson
Örn Einarsson
Sigrún Helga Einarsdóttir

Hafdis Jóna Kristjánsdóttir
Steinunn Fjóra Sigurðardóttir
Sverrir Einarsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Sigurður Sverrir Gunnarsson

byggingafræðingur,

Suðurholti 3, Hafnarfirði,

lést í faðmi fjölskyldunnar föstudaginn 12. nóvember.

Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 25. nóvember klukkan 15.

Þeir sem vilja vera viðstaddir þurfa að sýna fram á neikvætt Covid-hraðpróf við innganginn, ekki eldra en 48 klst. Útförinni verður einnig streymt á <https://bit.ly/utfor-Sverris>

Sigríður Gísladóttir

Sigrún Sverrisdóttir
Svanhvit Sverrisdóttir
Elisa Sverrisdóttir

Davíð Már Bjarnason
Axel Axelsson
Ársæll Þór Ársælsson

og barnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

Guðrún Jóna Knútsdóttir

Sautjándajúnitorgi 1, Garðabæ,

lést á heimili sínu laugardaginn 13. nóvember. Útför fer fram frá Viðistaðakirkju föstudaginn 26. nóvember kl. 15.

Kirkjugestir þurfa að sýna fram á neikvætt Covid-hraðpróf við innganginn, ekki eldra en 48 stunda.

Útförinni verður einnig streymt á slóðinni

www.sonik.is/jona

Rúnar Sigursteinsson

Knútur Rúnarsson
Aðalsteinn Rúnarsson
Sara Liang Wessman Knútsdóttir
Alma Rún Aðalsteinsdóttir
Thelma Ósk Sigurgeirsdóttir

Linda Wessman
Bettina Björg Hougaard
Elín Ylfa Aðalsteinsdóttir
Milla Kristin Sigurgeirsd.



Dásamlega móðir mín, amma og langamma,

Brynhildur Sigurðardóttir

Smyrilshólum 2,

lést 18. nóvember síðastliðinn.

Hildur Zoëga
Diljá Ámundadóttir Zoëga
Luna Zoëga



Ástkær faðir minn, bróðir og mágur,

Kjartan Már Hjálmarsson

Hrisholti 18, Selfossi,

lést á heimili sínu sunnudaginn 14. nóvember.

Útför hans fer fram frá Selfosskirkju fimmtudaginn 25. nóvember kl. 14.

Vegna fjöldatakmarkana verða aðeins nánustu aðstandendur og vinir viðstaddir.

Alex Már Kjartansson
Victor Már Hjálmarsson
Magnea Ingólfssdóttir
og fjölskylda.



Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Gunnþór Eiríksson

Fífumóa 13, Reykjanesbæ,

lést á Hjúkrunarheimilinu Viðihlíð, sunnudaginn 14. nóvember.

Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkirkirkju í dag 24. nóvember klukkan 13.

Í ljósi aðstæðna munu einungis nánustu aðstandendur vera viðstaddir athöfnina.

Athöfninni verður streymt á Njarðvíkirkirkjur-utfarir.

Guðborg Elísadóttir

Eiríkur Valgeir Gunnþórsson
Elís Jens Gunnþórsson
Inga Rós Gunnþórsdóttir

Guðbjörg Á. Stefánsdóttir
Sigrún Svava Thoroddsen
Guðmundur F. Gunnarsson

og barnabörn.



Fallin er frá fegursta rósin í dalnum.

Ástkær eiginkona mín, systir okkar og mágkona,

Sjöfn Kristjánsdóttir

læknir,

Lágholtsvegi 8, 107 Reykjavík,

lést á Droplaugarstöðum 19. nóvember síðastliðinn. Útför verður gerð frá Neskirkju mánudaginn 6. desember kl. 13.00. Þeim sem vildu minnst hennar er bent á Íslandsdeild Amnesty International, UN Women Ísland eða Alzheimer samtökin.

Allir eru velkomnir í kirkjuna en verða að sýna neikvætt hraðpróf sem er ekki eldra en 48 klst.

Friða Bonnie Andersen
Andrea Elísabet Kristjánsdóttir, Margrét Kristjánsdóttir, Bragi Kristjánsson, Bjarnfríður Árnadóttir og fjölskyldur.



Alúðarþakkir til ykkar allra fyrir veittan stuðning og hlýju vegna andláts og útfarar okkar elskaða sonar og bróður,

Snorra Harðarsonar

Ljúf minning lifir.

Sigríður Ása Einarsdóttir

Einar Jón
Soffía Guðrún
Davíð Ernir
og fjölskyldur.



BLACK FRIDAY

20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
ÁSAMT FLEIRI BOMBUM*

**25%
AFSLÁTTUR**



Timeout svartur hægindastóll með skammel. Fullt verð: 409.980 kr.
Tilboð 307.484 kr.

VEFVERSLUN
www.betrabak.is



* Gildir ekki ofan á önnur tilboð og ekki af vörum frá Hästens.

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

KRINGLUNNI
Reykjavík
820 6015


DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
Allar verslanir opnar
til kl. 22 í kvöld



Veðurspá Miðvikudagur



Minnkandi norðanátt og styttr smám saman upp á N- og A-landi. Norðan 3-10 seinnipartinn, en 10-18 austast. Frost 0 til 8 stig. Snýst í suðvestan 5-13 í kvöld með skúrum eða éljum V-lands. ■

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik



Krossgáta

LÁRÉTT

- 1 ofmat
- 5 gapa
- 6 sön
- 8 áhald
- 10 tveir eins
- 11 þar til
- 12 nýlega
- 13 mör
- 15 tiltrú
- 17 óvild

LÓÐRÉTT

- 1 feikimikið
- 2 fljóttræði
- 3 hlé
- 4 ofurselja
- 7 misbrúka
- 9 féfang
- 12 kaupbætir
- 14 gruna
- 16 þessi

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 ofíof, 5 fía, 6 óm, 8 gatarí, 10 nn, 11 uns, 12 aðan, 13 tólg, 15 traust, 17 ágna. LÓÐRÉTT: 1 ofgnót, 2 fían, 3 lát, 4 fóma, 7 misnota, 9 auðgun, 12 álag, 14 óra, 16 su.

Alireza Firouzja (2.770) átti leik gegn Baadur Jobava (2.582) á EM landsliða.

46. Dxd8+! 1-0. 46...Hxd8 47. Rf6+ Kg7 48. Hxh6 Kxh6 49. Rxf7+ og vinnur. Heimsmeistaraevígi Carlsen og Nepomniachtci hefst á föstudaginn. www.skak.is: Nýjustu skákfréttir. ■

Sudoku

		6	1		7		3	8
				2				
8	4						5	
			7					
5		3	6	1	9	4		
2		1		8				7
		5	2		4	3		9
1	2		6			4	8	5
						1	2	

			3	8			7		5
9		4		1				2	
		8			2				
2							9		1
7		6						5	
1			4						
	9	5						6	3
4	6								
						4	8		


Þrautinfelst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Geljan




Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán




Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



ÓTRÚLEGT ÆVINTÝRI

„... hröð og æsispennandi furðusaga fyrir börn, sem vel er hægt að mæla með.“

KATRÍN LILJA JÓNSDÓTTIR / LESTRAKLEFINN.IS



Fyndin og feykilega spennandi saga eftir Sigrúnu Elíasdóttur með myndum eftir Sigmund B. Þorgeirsson.

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is
Opíð alla virka daga 10-18 | Laugardaga 11-17

Hitum upp Hitum upp Hitum upp Hitum upp Hitum upp Hitum upp Hitum upp Hitum upp

Svartur föstudagur

20-50%

afsláttur

(nema af því sem er með meiri afslætti)

fatboy®



-50%

RockCoco
Verð 46.100 kr.
Verð áður 92.200 kr.



-50%

Transloetje
Verð 7.400 kr.
Verð áður 14.800 kr.



-20%

Headdemock
Verð 67.920 kr.
Verð áður 84.900 kr.



-20%

Original Púðinn
Verð 31.840 kr.
Verð áður 39.800 kr.



-50%

Baboesjka
Verð 13.950 kr.
Verð áður 27.900 kr.



-50%

Edison the Petit
Verð 5.950 kr.
Verð áður 11.900 kr.

Fatboy | Ármúla 44 | 108 Reykjavík | 588 1955 | Fatboy.is

Hitum upp Hitum upp Hitum upp Hitum upp Hitum upp

Annar heimur og ný upplifun



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Í Sverrissal í Hafnarborg stendur yfir sýningin Söngfuglar, með nýjum verkum eftir Katrínu Elvarsdóttur, í sýningarstjórn Daríu Sólar Andrews. Ljósmyndabók kemur út í tilefni sýningarinnar.

„Það eru þó nokkur ár síðan ég var á Kúbu. Þegar ég kom heim var ég í sjokki vegna þess að þótt upplifunin hafi verið mjög ævintýrleg þá fannst mér erfitt að vinna myndirnar sem ég hafði tekið þar því ég vorkenndi fólkinu svo mikið. Þarna er svo mikil fátækt. Áður hafði ég aðallega séð glansmyndir af Kúbu, fallegar túristamyndir. Eftir nokkurn tíma fór ég svo að hugsa aftur til fólksins á Kúbu og myndanna sem ég tók þar og hafði ekkert gert við. Þessi hugsun ágerðist þegar heimurinn lokaðist vegna Covid og þá ákvað ég að gera þessa sýningu,“ segir Katrín.

Ljósmyndirnar eru allar frá Havana og flestar þeirra eru af byggingum, að utan og innan. Nokkrar ljósmyndirnar sýna fugla í búrum, en þeir eru aðalmyndefnið í nýju ljósmyndabókinni. „Á Kúbu tók ég eftir því að nánast allir voru með fugla í búrum. Ég sá skrautfugla heima hjá fólki, á veitingastöðum og úti á götu. Það er eins og stöðutákn að vera með syngjandi fugla í búri. Ég sá ákveðna samsvörun milli fuglanna sem eru læstir inni í búri og fólksins sem er innilokað á eyjunni,“ segir hún.

Katrín vinnur ljósmyndirnar töluvert. „Ég breyti litunum í ljósmyndunum, þannig verður myndefnið meira framandi. Ég hef notað þessar aðferðir áður, til dæmis á sýningunni Gröður í Berg Contemporary, þar



Á sýningunni í Hafnarborg sýnir Katrín ljósmyndir frá Kúbu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

”

Ég sá ákveðna samsvörun milli fuglanna sem eru læstir inni í búri og fólksins sem er innilokað á eyjunni.

sem ég sýndi meðal annars fjöluþrá pálmatré. Ég verð fyrir áhrifum frá þeim stöðum sem ég er á hverju sinni og ég reyni að fanga tilfinningar sem ég upplifi. Þegar áhorfandinn kemur inn á sýninguna í Hafnarborg langar mig að hann fari í annan heim og upplifi eitthvað nýtt,“ segir hún.

Katrín hefur haldið fjölda einkasýninga héraendis og erlendis. Þá hafa verk hennar verið sýnd á samsýningum víða. Fjórar bækur hafa áður verið gefnar út með ljósmyndum Katrínar og verður bókin Songbirds, sem kemur út samhliða sýningu hennar í Hafnarborg, sú fimmta.

Listamanns- og sýningarstjóra-spjall verður laugardaginn 27. nóvember klukkan 14. ■



Katrín breyti litunum í ljósmyndunum og þannig verður myndefnið meira framandi.

Misjafnlega spennandi Beethoven

TÓNLIST

Verk eftir Beethoven.

Flytjendur: Þóra Kristín Gunnarsdóttir, Peter Maté og Aladar Rácz
Salurinn í Kópavogi
sunnudagur 14. nóvember

Jónas Sen

Beethoven var ekki bara heyrnarlaus seinni hluta ævi sinnar, heldur líka afskaplega geðvondur. Nú mætti segja að hann hafi haft ærna ástæðu til. Ekki getur það verið skemmtilegt að vera heyrnarlaus tónskáld. En þetta er flóknara en virðist. Rannsóknir hafa leitt í ljós að Beethoven þjáðist af blýeitrin, sem hann fékk vegna ofdrykkju. Vín á þessum tíma var „bragðbætt“ með blýi. Blýeitrin veldur öllum kvillum sem hann var haldinn á seinni hluta ævinnar, það er að segja árásgirni, pirringi, lystarleysi, svefnleysi, höfuðverkjum, uppköstum, hægðatregðu og öðru ógeði.

Í stuttu máli sagt: Beethoven hafði það skítt. Og svo var hann alkóhólisti.

Í ljósi þessara aðstæðna verður að segjast að tónlistin hans er kraftaverk. Það er ótrúlegt að sjúklingur hafi samið níundu símfóníuna, Hammerklavier sönötuna og alla þessa guðdómlegu strengjakvartetta og sönötur. Beethoven var einhver mesti snillingur sögunnar.

”

Það er ótrúlegt að sjúklingur hafi samið níundu símfóníuna, Hammerklavier sönötuna og alla þessa guðdómlegu strengjakvartetta og sönötur.

Rýr dagskrá

Dapurlegt er því að ekki hafi tekist að halda almennilega upp á 250 ára afmælið hans. Covid gerði út um það. Meðal annars stóð til að íslenskir píanistar, einnig útlendingar sem eru íslenskir ríkisborgarar, myndu flytja allar 32 sönötur tónskáldsins í Salnum í Kópavogi. Það tókst ekki. Einhverjir af þessum tónleikum hafa þó verið haldnir upp á síðkastið, og undirritaður fór á eina slíka. Þar áttu þrjár sönötur að vera leiknar, auk tilbrigða. En eitt atriðið féll niður, svo dagskráin var býsna rýr.

Fyrst lék Þóra Kristín Gunnarsdóttir tilbrigði í c-moll. Túlkun



Beethoven var einhver mesti snillingur sögunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

hennar var stórbrotin og gædd við-eigandi ákafa. Tilbrigðin eru mjög fjölbreytt og krefjast mismunandi leiktækni. Þóra Kristín hafði þau ágætlega á valdi sínu. Engu að síður

hefði áslátturinn mátt vera einbeittari. Hann var dálítið holóttur ef svo má að orði komast, sumar nótur heyrðust ekki nægilega vel, eða voru hreinlega ekki til staðar.

Listin óskast

Næst á dagskránni var sönata nr. 11 í B-dúr op. 22 sem Peter Maté lék. Spilamennskan var afar fagmannleg, allar nótur á sínum stað og áslátturinn lýtalaus. Hins vegar tókst Peter ekki að gera verkið áhugavert. Segja má um sönötuna að hún er óvanalega vanaleg. Beethoven var byltingarmaður í tónlistinni, og fór oft út fyrir ramma viðtekinnna venja í tónsmíðum. En ekki hér og túlkunin þarf að bæta upp fyrir það. Til allrar óhamingju skorti upp á innlifunina í leik Peters, og útkoman var hvorki fugl né fiskur. Ekki er nóg að spila bara nóturnar; hjartað verður að fylgja með líka. Maður vill LIST, ekki handverk.

Miklu meiri tilþrif voru í leik Aladars Rácz, en hann flutti sönötuna nr. 13 op. 27 nr. 1. Vissulega er sjálft verkið mun dramatískara, en túlkun Aladars var fyllilega í anda þess, og gott betur. Hann lagði greinilega allt í sölnar, og því var leikurinn sérlega spennandi. Aftur á móti vantaði af og til skýrleikann í spilamennskuna, eins og til dæmis í ásláttarkenndum öðrum kaflanum, sem hefði getað verið snarpari. Heildarmyndin var samt sannfærandi, og var þetta flottur endir á tónleikunum. ■

NIÐURSTAÐA: Flutningurinn á pianóverkum Beethovens var stundum áhugaverður.

TYGGÐU EXTRA TIL GÓÐRA VERKA



MEÐ ÞVÍ AÐ TYGGJA EXTRA STYÐUR ÞÚ SOS BARNAPORPIN
TIL BÆTTRAR TANNHEILSU BARNA Í GHANA OG BOTSWANA



Í SAMSTARFI VIÐ



SOS
BARNAPORPIN
Öll börn vilja gott heimili

Í OKTÓBER OG NÓVEMBER

Miðvikudagur



VS



Í KVÖLD 19:15

EKKI MISSA AF BESTA
SJÓNVARPI Í HEIMI!Tryggðu þér áskrift á stod2.is

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Markaðurinn** Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
- 19.30 Saga og samfélag** Saga og samfélag er þáttur þar sem málefni líðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.
- 20.00 Kvennaklefinn** Heimsborgaralegur, hreinskilinn, fjörugur, óvenjulegur og ótrúlega skemmtilegur þáttur fyrir konur, um konur.
- 20.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 21.00 Markaðurinn (e)** Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi**
- 13.10 Kastljós**
- 13.25 Menningin**
- 13.30 Útsvar 2007-2008** Akranes - Kópavogur.
- 14.25 Aðgengi fyrir alla 2Sjálfsbjörg hbs í 60 ár**
- 15.05 Á götunni** Karl Johan.
- 15.35 Edda - engum lík**
- 16.10 Í fremstu röð**
- 16.40 Okkar á milli**
- 17.15 Tilraunin - Seinni hluti**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Múminálfarnir**
- 18.23 Hæ Sámur**
- 18.30 Sjóræningjarnir í næsta húsi**
- 18.41 Eldhugar - Frances Glessner Lee - réttarrannsóknarkona**
- 18.45 Krakkafréttir**
- 18.50 Lag dagsins** Rugl - Run.
- 18.54 Vikinglottó**
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.35 Kastljós**
- 19.50 Menningin**
- 20.05 Kiljan** Þáttur sem er löngu orðinn ómissandi í bókmenntaumræðunni í landinu.
- 21.00 Skammhlaup Glitch** Þriðja þáttaröð þessara áströlsku, vísindaskáldsögulegu spennuþátta um lögreglumanninn James sem rannsakar dularfull mál tengd fólki sem er risið upp frá dauðum í áströlskum smábæ. Aðalhlutverk: Patrick Brammall, Emma Booth og Sean Keenan. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 22.00 Tiufréttir**
- 22.15 Veður**
- 22.20 Ljót leyndarmál tiskuiðnaðarins** Stacey Dooley Investigates. Fashion's Dirty Secrets Heimildarmynd frá BBC þar sem Stacey Dooley rannsakar tiskuiðnaðinn og skaðleg áhrif hans á umhverfið.
- 23.15 Æska í skugga ofbeldis** Min barndom í voldens skygge
- 00.10 Dagskrárlök**

Stöð 2 Golf

- 07.00 European Tour** Útsending frá DP World Tour Championship.
- 13.00 European Tour** Útsending frá DP World Tour Championship.
- 19.00 European Tour** Útsending frá DP World Tour Championship.

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil**
- 13.15 The Late Late Show**
- 14.00 Heil og sæl?**
- 14.35 Ástriða**
- 16.50 The King of Queens**
- 17.10 Everybody Loves Raymond**
- 17.35 Dr. Phil**
- 18.20 The Late Late Show**
- 19.05 Jarðarförin mín**
- 19.40 Intelligence**
- 20.10 Survivor**
- 21.00 New Amsterdam**
- 21.50 The Bay**
- 22.40 Interrogation**
- 23.25 The Late Late Show**
- 00.10 Dexter**
- 01.00 The Resident**
- 01.45 Walker**
- 02.30 The Twilight Zone (2019)**
- 03.20 Tónlist**

RÚV Rás eitt

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
- 06.50 Morgunvaktin**
- 07.00 Fréttir**
- 07.30 Fréttayfirlit**
- 08.00 Morgunfréttir**
- 08.30 Fréttayfirlit**
- 09.00 Fréttir**
- 09.05 Segðu mér**
- 09.45 Morgunleikfimi**
- 10.00 Fréttir**
- 10.03 Veðurfregnir**
- 10.13 Á reki með KK**
- 11.00 Fréttir**
- 11.03 Mannlegi þátturinn**
- 12.00 Fréttir**
- 12.03 Hádegisd Fyrri og seinni hluti**
- 12.20 Hádegisfréttir**
- 12.42 Hádegisd**
- 13.00 Dánarfregnir**
- 13.02 Samfélagið**
- 14.00 Fréttir**
- 14.03 Í átt að sannleikanum**
- 15.00 Fréttir**
- 15.03 Svona er þetta**
- 16.00 Siðdegisfréttir**
- 16.05 Viðsjá**
- 17.00 Fréttir**
- 17.03 Lestin**
- 18.00 Spegillinn**
- 18.30 Þjóðsögukistan**
- 18.50 Veðurfregnir**
- 18.53 Dánarfregnir**
- 19.00 Tónlist Sofíu Gubaidulinu**
- 20.00 Mannlegi þátturinn**
- 21.40 Kvöldsgagan. Í verum, seinna bindi (12 af 32)**
- 22.00 Fréttir**
- 22.05 Veðurfregnir**
- 22.10 Samfélagið**
- 23.05 Lestin**

Stöð 2 Bíó

- 12.25 Superman. Red Son** Teiknuð mynd um ofurhetjuna Superman frá 2020.
- 13.50 Love to the Rescue**
- 15.15 Poms**
- 16.40 Superman. Red Son**
- 18.05 Love to the Rescue** Hugljúf og rómantísk mynd frá 2019 um þær óvenjulegu aðstæður sem koma upp þegar tvær fjölskyldur vilja taka að sér sama hundinn.
- 19.30 Poms**
- 21.00 Hot Summer Nights**
- 22.40 Rambo. Last Blood** Spennu-mynd frá 2019 með Sylvester Stallone.
- 00.20 Sorry to Bother You** Sniðug og fyndin mynd frá 2018 um símasöllumanninn Cassius Green sem nær að snúa lífi sínu á hvolf eftir að vinnufélagi hans gefur honum frábert ráð til að selja betur.
- 02.10 Hot Summer Nights**

Stöð 2

- 07.55 Heimsókn**
- 08.25 The Mentalist**
- 09.05 Bold and the Beautiful**
- 09.25 Gossip Girl**
- 09.55 All Rise**
- 10.35 Hálandisvaktin**
- 11.05 Nostalgia**
- 11.30 Jamie's Quick and Easy Christmas Special**
- 12.15 Friends**
- 12.35 Nágrannar**
- 12.55 How Healthy Is Your Gut?**
- 13.40 Um land allt**
- 14.15 GYM** Frábærir þættir í umsjón Birnu Mariu Másdóttur sem ræðir við íþróttafólk og áhugafólk um heilbrigðan lífsstíl á létu nótunum.
- 14.40 Gulli byggir**
- 15.10 Tribe Next Door**
- 16.00 Temptation Island**
- 16.40 Sendiráð Íslands**
- 17.00 Flúr & fólk**
- 17.35 Bold and the Beautiful**
- 18.00 Nágrannar**
- 18.26 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 Sportpakkin**
- 18.55 Ísland í dag**
- 19.10 Jamie's Easy Meals for Every Day**
- 19.35 Amazing Grace**
- 20.25 Grey's Anatomy**
- 21.10 The Christmas Train** Frábær jólamynd frá 2017 sem byggð er á metsölubók eftir David Baldacci.
- 22.50 Coroner**
- 23.35 Sex and the City**
- 00.05 Chucky**
- 01.10 NCIS**
- 02.00 Outlander 5**
- 02.55 The Mentalist**
- 03.35 All Rise** Frábærir þættir sem fjalla um líf og störf þeirra sem starfa innan veggja dómshúss í Los Angeles.
- 04.05 Friends**

Stöð 2 Sport

- 07.35 ÍR - KR** Frá leik í Subway-deild karla.
- 09.20 Stjarnan - Tindastóll**
- 11.00 Tilþriffin**
- 11.45 Keflavík - Valur**
- 13.25 Seinni bylgjan** Leikirnir í Olis-deild karla.
- 14.40 Njarðvík - Haukar** Frá leik í Subway-deild kvenna.
- 16.20 Valur - Grindavík**
- 18.05 Grindavík - Breiðablik** Bein útsending frá leik í Subway-deild kvenna.
- 20.05 Haukar - Keflavík** Bein útsending frá leik í Subway-deild kvenna.
- 22.05 Grindavík - Breiðablik**
- 23.45 Haukar - Keflavík**

Stöð 2 Sport 2

- 07.05 Malmö - Zenit**
- 08.45 Barcelona - Benfica**
- 10.25 Dynamo Kiev - Bayern**
- 12.05 Meistaradeildarmörkin**
- 12.55 Inter - Shakhtar Donetsk** Bein útsending frá leik í UEFA Youth League.
- 14.55 Manchester City - PSG** Bein útsending frá leik í UEFA Youth League.
- 16.55 Chelsea - Juventus**
- 18.35 Meistaradeildarmörkin**
- 19.15 Meistaradeildin - Upphitun**
- 19.35 Liverpool - Porto** Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
- 22.00 Meistaradeildarmörkin**
- 22.45 Uppgjörspáttur Undankeppni HM 2022**
- 23.35 Club Brugge - Leipzig**



SVÖÖRT VÍKA

ORMSSON

20% - 70% AFSLÁTTUR



ormsson

Opnunartímar
Virka daga kl. 10-18
Laugardagar kl. 11-15

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skóðu úrvalið okkar á
ORMSSON.IS



*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

KS
SAUÐÁRKRÖKI
SÍMI 455 4500

SR BYGG
SIGLUFIRÐI
SÍMI 467 1559

ORMSSON
AKUREYRI SÍMI
461 5000

PENNINN
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
PAN-NESKAUPSSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

GEISLI
VESTMANNÆYJUM
SÍMI 481 3333

TÆKNIBORG
BORGARNESI
SÍMI 422 2211

OMNIS
AKRANESI SÍMI
433 0300

Loksins á pólitíska tiskupallinum

Alþingi var sett í gær. Ekki seinna vænna, segja sumir, og ekki annað að sjá á nýju, reyndu og jafnvel óvissuþingfólki en að þau væru full eftirvæntingar yfir því að komast að því að véla við kjótkatlana sem hangið hafa hálfvolgir í talningaróvissunni.

toti@frettabladid.is

Hvort fötin skapi þingmanninn skal ósagt látið en þó má ætla að sum þeirra sem villtust, mismarkvisst, fyrir framan linsu ljósmyndara Fréttablaðsins hafi ætlað sér að gefa tóninn og leggja línurnar fyrir það sem koma skal. ■



Tommi á Búllunni, aldursforsetinn og svar löggjafans við Clint Eastwood, var eitursvalur eins og við mátti búast.



Atvinnuvegaráðherrann Þórdís Kolbrún Reykjavíkur Gylfadóttir sveif niður tröppurnar sem á tiskupalli væri.



Rögnu Árnadóttur, skrifstofustjóra Alþingis, brást ekki bogalistin og lagði samkomunni til glæsilegan virðuleika.



Engan stjórn málafræðing þarf til að lesa pólitísk skilaboð úr grímu Loga Einarssonar.



Þorgerður Katrín og Sigmar Guðmundsson hölluðu sér að klassikinni þegar þau lögðu sitt af mörkum til viðreisnar alþingistiskunni.



Bryndís Haraldsdóttir í áberandi dressi á milli Hildar Sverrisdóttur og Bergþórs Ólasonar sem á sæti sitt undir því að seinni talningin gildi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Nýliðinn Jóhann Páll Jóhannsson mætti í íslensku tvidi sem hann keypti hjá Kormáki og Skildi.

Magaermi og sambærilegar aðgerðir

KCM spítalinn í Jelenia Góra í suður Póllandi hefur mikla reynslu af að bjóða Íslendinga varðandi magaermi og aðrar þyngdarlækkandi aðgerðir.

HEI hefur milligöngu og leiðbeinir varðandi ferlið

Það er beint flug til á svæðinu með Wizz air. Innifalið í pakkanum er aðgerðin og tvær nætur á spítalanum, dvöl fyrir tvo á góðu nálægu hóteli í þrjú daga og aksturþjónusta til og frá flugvelli, spítala og hóteli. Taka má fylgdarmannskju með.

Verðið er 5.490 EUR sem gerir um 825.000 ISK. á núverandi gengi. Fluglo er ekki innifalið í pakkanum.

Nánari upplýsingar á <https://hei.is/megrunaradgerdir/> og í síma 8 200 725.

HEI Medical Travel
www.hei.is

Áslaug Arna dómsmálaráðherra brosti sínu blíðasta við endurkomuna á þingið.

Litskrúðug Helga Vala Helgadóttir fór létt með að skera sig úr hópnum.

Nýliðinn Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir mætir með tímabært töff í þingflokk Framsóknar.

BLACK FRIDAY

BLACK FRIDAY TILBOÐ
GILDA FRAM Á LAUGARDAG
27.11 EÐA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST



-30%
LOFTDÆLA



-30%
HLEDSLUTÆKI



TILBOÐSVERÐ
174.900 KR
FULLT VERÐ 259.416 KR
VERKFÆRASKÁPUR



-30%
HLEDSLUTÆKI



-25%
HÖFUÐLJÓS OSRAM



-25%
PENNALJÓS OSRAM



-30%
LOFTDÆLA



-25%
VINNULJÓS OSRAM



-20%
TOPTUL VERKFÆRI




-25%
REIÐHJÓLAFESTINGAR



-25%
OSRAM VINNULJÓS OG KASTARAR

-25%
RAFMAGNSBÍLAR
FYRIR BÖRN



-25%
HÚDD- OG GLUGGAVINDHLÍFAR



-30%
BÓNVÖRUR

Bíla naust

Tilvalin jólagjöf

STÓRVERSLUN
BÍLDHÖFÐA 12
110 Reykjavík
S. 535 9000

Vatnagörðum 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

Hafnargötu 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

www.bilanaust.is

JÓLIN Á TAPASBARNUM



9 RÉTTA JÓLAMATSEÐILL

Frábær blanda íslenskra og spænskra jólahefða.

7 gómsætir jólatapasréttir

- Rauðrófu- og piparótargrafinn lax
- Lambatartar með sýrðum rauðlauk, reyktum rjómaosti og dillolíu
- Risahörpuskel með sellerírótarmauki, grilluðu serrano og passionfroðu
- Andabringa með jarðskokkum, svartrót og Malt- og appelsínsósu
- Bjórgljáð lynghæna með rauðkálsgeli og bjórsósu
- Hvítlauksbakaðir humarhalar með mangósalsa
- Nautalund með sveppa duxelle og bernaisefroðu

2 ljúfir eftirréttir

- Súkkulaðiterta með berja-compoté
- Crema Catalana með Dulce de leche

8.990 kr.

Aðeins framreitt fyrir allt borðið

Borðapantanir á tapas.is



TAPASBARNINN
Vesturgötu 3b • Sími 551 2344

Sá gamli setur fókusinn á filmulausa framtíð

Ljósmyndastofa Péturs Jónssonar á Húsavík er sú elsta á landinu. Eftir að hann var útnefndur listamaður Norðurlþings fagnaði hann sex áratugum í faginu með sýningu þar sem glögg mætti sjá að sá gamli er enn í takt við tímann og sér enga ástæðu til þess að sakna gömlu filmunnar.

toti@frettabladid.is

„Já, já. Ég er enn að. Það er ekki skrúfa eftir, eins og ég segi stundum. Það er bara svoleiðis. Maður er búinn að fara alla leiðina frá glerplötu yfir í síma, eins og þar stendur, og búa til tvö símaópp,“ segir Pétur Jónsson, ljósmyndari á Húsavík og listamaður Norðurlþings 2020.

Þegar Pétur var útnefndur listamaður Norðurlþings sagði bæjarstjóri Húsavíkur meðal annars að hann hefði „ávallt verið meðal þeirra fremstu í að tileinka sér nýja tækni og framfarir er tengjast ljósmyndun og framköllun. Í gegnum tíðina hefur hann því bæði sinnt faglegum hliðum síns starfs til jafns við þær listrænu með einstakri natni og næmni fyrir minnstu smáatriðum.“

Ljósmyndasýningin sem hann hélt í kjölfarið bar þessum þáttum í faglegu fari hans skýrt vitni enda komst hún býsna nærri því að verða það sem hann kallar hefðbundin sýning á verkum manns sem á að baki langan feril.

„Já, svona nokkuð. Það tókst nú ekki að hafa þetta svona alveg eins og ég ætlaði mér vegna þess að ég er í þessu helvítis krabbastandi,“ segir Pétur sem berst við krabbamein og fékk liðsstyrk frá Sigríði, dóttur sinni, og tengdadótturinni Patra Tawatpol.

„Þær sáu um að negla þetta saman og koma þessu upp þannig að þetta varð nú helvítis flott sýning með smart uppsetningu og hún var bara helvítis vel sótt þótt ég segi sjálfur frá,“ segir hann um sýninguna Ljósmyndir Péturs í 60 ár sem lauk nýlega í Safnahúsinu á Húsavík.

Filman kvödd

Filman var vitaskuld mál mállanna þegar Pétur byrjaði í ljósmyndun fyrir margt löngu og enn er hún sveipuð nokkrum dýrdarljóma þótt stafrænan hafi nánast gert út af við hana.

Sjálfur hefur Pétur kvatt filmuna með virktum en engum söknuði. „Já, já,“ segir hann ákveðið. „Ég gerði það og núna er ég með nýjasta Canoninn. Fimm, sem er bara rosalega fullkomin og í fælnum sem maður fær úr henni getur þú náð fram öllu því sem er í filmunni og meira til. Ef þú veist hvað þú ert að gera.“

Pétur bætir aðspurður við að hann sakni því filmunnar ekki þar sem skarð hennar hafi verið fyllt. „Já, já, alveg gersamlega með þessu og þar að auki er „auto focusinn“ í þessari vél bara alveg ógeðslega skemmtilegur. Alveg meiriháttar bara. Maður reiknaði ekki með því að lifa þá tíma að þetta væri svona.“

Nýjasta tækni og vísindi

Pétur segir hiklaust mega tala um myndvinnsluna með stafrænu tækjunum sem einhvers konar vísindi. „Þetta er það. Bara svona í alvörinni talað og svona hefur djöbbið færst út í að maður er að vinna fælinn stafrænt frá því að vera í blautframkölluninni. Það er svo mikið sem er í filmunni, það verður aldrei af henni skafið,“ segir Pétur með fullri virðingu fyrir filmunni sem hefur þó mátt vikja.



Ljósmyndasýningin var næstum alveg eins og Pétur Jónsson sá hana fyrir sér og telur hana gefa ágætis yfirlit yfir sex áratuga feril sinn. MYND/ÁSEND

Ljósmyndir Péturs í 60 ár

Pétur Jónsson fæddist á Suðureyri við Súgandafjörð árið 1941. Hann fékk snemma áhuga á ljósmyndun og seldi strax á táningsaldri myndir sem hann tók af leikritum sem sett voru upp í fæðingarbæ hans. Árið 1958 hélt hann til náms í höfuðborginni og stofnaði að loknu námi Ljósmyndastofu Péturs á Húsavík árið 1962 og hefur rekið hana síðan.

Sýningunni Ljósmyndir Péturs í 60 ár lauk í september en hún var haldin í tilefni þess að Pétur var útnefndur listamaður Norðurlþings árið 2020. Pétur hefur enda myndað margar

kyndslóðir Húsavíkinga á stofu sinni, í skólum bæjarins, í Húsavíkurkirkju og ekki síst í leikhúsinu auk ótal tilefna annarra.

Pétur hefur því farið í gegnum gríðarlegar breytingar á þessum tæplega 60 árum í faginu. Myndirnar voru framan af svarthvítar og handlitaðar en hann varð síðan annar tveggja ljósmyndara sem voru fyrstir til að framkalla myndir í lit á Íslandi. Í kjölfarið komu síðan filmuframköllun fyrir almenning, stafræna byltungin sem síðan leiddi til þess að nánast allir ganga með fullkomnar myndavélar snjallsímum sínum.



Hönnuðurinn Sigurjón Pálsson var hress þegar hann mætti sjálfum sér miklum mun yngri. MYND/ÁSEND

„Núna er ég líka með hágæða ljósmyndapappír til að prenta á og þá fæ ég þetta bara eins og þegar maður gerði þetta í dimmukompuinni í gamla daga. Og jafnvel betra.“

Pétur hefur þannig, ólíkt mörgum jafnöldrum í stétt ljósmyndara, stökkið fagnandi á stafrænu hraðlestina og var meira að segja byrjaður að fíkta við gerð smáforrits fyrir lófátölvur áður en snjallsímarnir tóku sviðið.

„Stýrikerfið þar hentaði ekki þannig að maður fór að leita í síma-dótið. Þar voru líka ýmsir veggir en ég fann stýrikerfi sem gat virkað,“ segir Pétur um upphaf þeirrar vinnu sem hefur skilað tveimur smáforritum sem ætlað að er að auðvelda safngestum að hitta á rétta hljóðleiðsögn á ljósmyndasýningum og öðrum listaverkasýningum.

Vankaðar rollur

„Maður var búinn að horfa á þessar hljóðleiðsagnir og oftast en ekki á útlendinga bara eins og vankaðar rollur á vitlausum stöðum að skoða verk með hljóðleiðsögn um allt aðra hluti. Það var svolítið hjákátlegt.“

Pétur segist hafa eytt miklum tíma og fé í að þróa og vinna smáforritin sem hafi þó ekki dugað til þess að þau fengu það sem hann telur verðskuldaðan framgang.

„Ég sótti um hjá Iðnþróunarstofnun þar sem ýmsar hugmyndir, sem voru bara út í loftið, fengu fullt af peningum en þetta var alltof fullkomið til þess að hætta væri að eyða fé í þetta,“ segir Pétur í háðskur.

„Ég var búinn að búa þetta til en framhaldið var eftir og það voru ýmsir sem vildu krukka í þetta og allt það en þá fannst mér alveg eins gott að þetta færi þá bara í mína skúffu frekar en að aðrir færu að nota það sem var búíð að gera fyrir ekki neitt.“ ■

Desembersprengja



af næstum
öllum vörum til
19. desember

RAMMASAMNINGUR VIÐ
RÍKISKAUP

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37. Sími: 564-5040. hirzlan@hirzlan.is.

www.hirzlan.is

Verslun opin mán-fim 09:00-18:00, föstudaga 09:00-17:00, laugardaga 12:00-16:00. Lager opin mán-fim 13:00-17:00 og föstudaga 13:00-16:00.





ALLAR PIZZUR AF MATSEBLI Á 1.690 KR. EF ÞÚ SÆKIR



Elisabet Gunnarsdóttir, Andrea Magnúsdóttir, Aldís Pálsdóttir og Nanna Kristín Tryggvadóttir.

MYND/ABSEND

Berjast enn gegn neikvæðu tali kvenna um aðrar konur

Fjórar vinkonur blása fimmta árið í röð til góðgerðar-söfnunarinnar Konur eru konum bestar. Elisabet Gunnarsdóttir segir þær leggja upp með að eyða neikvæðu umtali kvenna hverra um aðrar.

odduaevar@frettabladid.is

Fimmta árið í röð blása vinkonurnar Andrea Magnúsdóttir, Aldís Pálsdóttir, Nanna Kristín Tryggvadóttir og Elisabet Gunnarsdóttir til til góðgerðarsöfnunarinnar Konur eru konum bestar.

„Við erum gamlar vinkonur sem erum flestar eitthvað að vinna tengt tísku,“ útskýrir Elisabet, bloggari á Trendnet, og segir þær hafa lagt upp árið 2017 með það fyrir augum að eyða neikvæðu umtali.

Verkefnið hefur verið árlegt frá 2017 og í fyrra var slegið söfnunarmet þegar 6,8 milljónir króna söfnuðust fyrir Bjarkarhlíð. Allur ágóði sem safnast nú rennur til Stígamóta.

Elisabet bjó erlendis um tólf ára skeið. „Ég kom oft heim og fannst ég alltaf fá þessar neikvæðu fréttir áður en ég fékk einhverjar góðar fréttir af fólki. Það var svolítið eins og þetta væri isbrjóturinn þegar mér var sagt slúður af hinum eða þessum,“ segir hún.

”

Við viljum eyða út þessari setningu sem oft er sögð um að konur séu konum verstar.

Elisabet Gunnarsdóttir

Elisabet segist hafa þótt þetta hugarfar afar dapurlegt. „Ég hef ekki áhuga á slíku. Við Andrea erum báðar mæður þannig að við förum að tala um þetta. Ég nefndi þetta við hana hvað mér fundist þetta glatað og að við þyrftum nú að gera eitthvað í þessu og að við vildum vera betri fyrirmyndir fyrir okkar stelpur og næstu kynslóð á eftir. Að þær detti ekki í þetta.“

„Við viljum eyða út þessari setningu, sem oft er sögð, um að konur séu konum verstar og förum fram og til baka hvernig best væri að gera þetta. En við erum miklar áhugakonur um tísku og vildum gera góð-

gerðarbol sem væri líka klæðilegur og endingargóður,“ segir Elisabet. „Og við höfum svo haldið í það, að gera bol sem fólk geti notað og finnst flottur.“

Öðruvísi byrjun í ár

„Við erum að gera þetta öðruvísi en við höfum verið að gera þetta undanfarin ár,“ segir Elisabet. „Í fyrra til dæmis vorum við búnar að blasta þessu út um allt áður en salan fór í loftið en í gær sviptum við hulunni af nýja bolnum,“ segir Elisabet og segir opnunina hafa verið rólegri í ár en ekkert verður hins vegar gefið eftir.

Elisabet segir bolina sérstaklega töff í ár. Þeir eru svartir með svörtu lettri en B-ið fær að haldast rautt því þær stöllur vilja undirstrika þessa góðu línu og eyða út annarri sem er oft notuð, eins og hún útskýrir það. „Þessi hugmynd fæddist yfir kaffibolla einhvern tímann fyrir löngu og svo árið 2017 gerðum við loksins eitthvað í því.“

Hún segir áhugann hafa aukist síðastliðin ár. „Svo var þessi sprenging í sölu í fyrra sem kom skemmtilega á óvart því þetta var í fyrsta sinn sem við gátum ekki verið með viðburð út af svolitlu,“ segir Elisabet. Hún segir drifkraftinn ekki á undanhaldi hjá þeim vinkonum. ■

Veiðimaður spilaður með blómum

odduaevar@frettabladid.is

„Þetta gengur upp eins og venjulegur spilastokkur nema það er bara verið að spila með plöntutegundir,“ segir Guðrún Bjarnadóttir náttúrufræðingur um Flóruspilið sem er í raun spilastokkur þar sem veiðimaður er spilaður með íslenskar plöntutegundir og og meðfylgjandi fróðleik um plöntutegundirnar.

Þá hefur hún einnig gefið út sérstaka barnaútgáfu af spilinum sem hún kallar Blómaspilið. „Þetta er í raun bara metnaður hjá mér til þess að kenna fólki og fræða um náttúruna okkar,“ segir Guðrún.

Hún hefur undanfarið kennt grasfræði við Landbúnaðarháskólann og segir spilið henta hverjum sem er. „Almennt er plöntuþekking



Guðrún Bjarnadóttir með spil sem tileinkuð eru flórinni hér á landi.

frekar lítil. Við búum í borgum og erum komin í burtu frá náttúrunni.“

Guðrún rekur einnig jurталitunarsvinnustofuna Hespuhúsið í Ólfusi. „Fólk getur komið og kíkt í pottana og fræðst um þessa gömlu handverkshefð og spjallað um jurtir.“

Guðrún segist hafa fengið góð viðbrögð við spilinum. „Alveg ótrúlega góð. Ég pantaði skammt sem ég hélt að myndi duga til jóla en hann kláraðist á fimm vikum,“ segir hún. Spilið fæst víða en finna má söluastaði á hespa.is. Spilið gaf Guðrún út á íslensku, ensku og pólsku.


Blómaspilið er svo kjörið fyrir börn að sögn Guðrúnar. „Það er samstæðuspil og fyrir börn niður í þriggja ára. Þar er bara nafnið á tegundunum svo það sé hægt að byrja snemma að heilapvo ungvíðið.“ ■

Milwaukee

ALVÖRU VERKFÆRI

SVÖRT MIKA

ALVÖRU TILBOÐ



M12

Borvél 30 Nm

+ Ein 2,0 Ah rafhlada, hleðslutæki og taska

TILBOÐ 21.900 KR.

Vnr. MW 4933479439



M12

Borvél 30 Nm + höggskrúfvél

+ Tvær 4,0 Ah rafhlöður, hleðslutæki og taska

TILBOÐ 63.900 KR.

Vnr. MW 4933459808



M13

Öflug borvél 60Nm með höggi

+ Tvær 2,0 Ah rafhlöður, hleðslutæki og taska

TILBOÐ 44.900 KR.

Vnr. MW 4933464320



M13

Öflug borvél 60Nm með höggi + höggskrúfvél

+ Tvær 4,0 Ah rafhlöður, hleðslutæki og taska

TILBOÐ 62.900 KR.

Vnr. MW 4933464536

Fjarstýrður torfærubíll fylgir 50 fyrstu kaupnum



Fjarstýrður torfærubíll fylgir 50 fyrstu kaupnum



Fjarstýrður torfærubíll fylgir 50 fyrstu kaupnum

Fjarstýrður torfærubíll fylgir 50 fyrstu kaupnum



A Loftdæla MW 4933464124

B Sverðsög MW 4933411925

C Fjölnotavél MW 4933427180

D Skrúfvél MW 4933441910

E Borvél m/höggi MW 4933441950

F Höggskrúfvél MW 4933459822

G Höggborvél SDS+ MW 4933431355

H Stingsög MW 4933431305

I Heftibyssa MW 4933459634

J Massavél MW 4933447791

K Herslulykill MW 4933464615

L Kittisgrind MW 4933441783

M Rafhlöðuset 4Ah MW 4933459211



18.900 KR.

VELDU ÞÉR M12 TÆKI

27.900 KR.



29.900 KR.

VELDU ÞÉR M13 TÆKI

35.900 KR.



Kaupu tvö tæki og þá fylgir fjarstýrður torfærubíll*
*100 fyrstu kaupnum.

Kaupu tvö tæki og þá fylgir fjarstýrður torfærubíll*
*100 fyrstu kaupnum.



Aukahlutasett impact borar, bitar o.fl.
15.990 KR.

MW 4932479971



10 stk 125 mm skurdarskífur + demantsbláð
5.990 KR.

MW 4932479629



Aukahlutasett bitar og bitaborar
9.990 KR.

MW 4932478900



Höfuðljós HL-SF 450lm 3xAAA
8.990 KR.

MW 4933471388



Shockwave bitasett 32stk
3.990 KR.

MW 4932464240



Borasett 5 stk SDS+ MX4 5, 6, 7, 8 og 10 mm
5.990 KR.

MW 4932352833



Bitasett 56 stk
6.990 KR.

MW 4932430907

Kaupu Milwaukee aukahluti fyrir 14.900 kr. og þá fylgir peysa á meðan birgðir endast.



VERKFÆRA SALAN

vfs.is
Öll tilboðin eru á netinu og í verslunum okkar
Gilda til föstudags á meðan birgðir endast

Bakþankar

Láru G.
Sigurðardóttur

Bara ein pilla

Í gær bárust mér sorgarfréttir. Sonur konu sem ég kynntist í Kaliforníu lést úr hjartastoppi. Fentanyl fannst í blóði mannsins sem var 28 ára og vann við að semja tónlist. Atvik þetta er ekki einsdæmi. Andlát af völdum fentanyls jukust um 56 prósent í Bandaríkjunum á síðastliðnu ári. Andstætt því sem maður gæti haldið eru fórnarlömbin ekki harðsvíraðir dópistar, heldur ungt vinnandi fólk.

Nokkuð auðvelt virðist vera að nálgast fentanyl. Það er framleitt í Kína og sent áfram til Mexíkó þaðan sem því er dreift með nýstárlegum leiðum sem er ómögulegt að rekja. Dópsalar götunnar blanda síðan fentanyl í vörur sínar, en það hefur verið notað til að þynna út heróín, metamfetamín og kókaín. Fentanyl ku vera ódýrt í framleiðslu, en allt að fimmtíufalt sterkara en heróín. Líka banvænna. Mælingar sýna að 42 prósent af pillum innihalda lífshættulegan skammt. Allavega fyrir óharðnaða. Og það er engin leið fyrir neytendur að vita hve miklu hefur verið blandað saman við.

Sem lyf getur fentanyl linað óbærilega verki sé það gefið rétt og af lækni, en líkt og með önnur morfínskyld lyf er það misnotað. Það skil ég að vissu leyti. Morfínskyld lyf sem ég fékk fyrir mörgum árum eftir fylgikvilla skurðaðgerðar sendi mig í aðra vidd. Sæluvidd. Eftir að áhrifin þurru kölluðu pillurnar á mig líkt og gullhringurinn á Gollum, en ég fékk tvær með mér heim í nesti. Pillurnar enduðu í apótekinu til eyðingar en tilhugsunin um gullið er mér minnstæð.

Fentanyl-faraldurinn sýnir ekki á sér fararsnið og spursmál hvenær hann nær fötfestu á Íslandi. Sem móðir ungra drengja hrýs mér hugur við tilhugsuninni um hið nýja götulyf. Því það þarf bara eitt augnablik í partíi. Einum skammti of mikið. Bara eina pillu. ■

Farðu út fyrir ystu mörk hugans.

100% rafknúinn Kia EV6.



Movement that inspires

Ferðalögin sem breyta okkur mest eru þau sem fara með okkur út fyrir þægindarammann. Með allt að 528 km** drægi fer Kia EV6 með þig í ferðalag langt út fyrir ystu mörk ímyndunarafslins.

Komdu og reynsluaktu nýjum Kia EV6. Við tökum vel á móti þér.



UMHVERFISMERKI

pappír
umhverfið
prentun

LITRÓF

UMHVERFISVÆN
PRENTUN

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000 · litrof.is

Askja · Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

Askja býður öflugar hleðslulausnir fyrir allar stærðir fyrirtækja og heimila.
Nánar á askja.is/hledslulausnir

*Forsendur ábyrgðar eru regulegt þjónustuefirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd.
** Akstursdrægi var mælt í samræmi við staðlaða mælaferð ESB (WLTP) og miðast við 77,4 kWh rafgeymastæðu, afturhjóladríf og 19" álfelgur (mynd af ökutæki sýnir það á 20" felgum). Akstursvenjur og aðrir þættir, eins og hraði, úthitastig, landslag og notkun rafknúinna tækja/eininga hafa áhrif á raunverulegt akstursdrægi og geta dregið úr því.